



FLATAASKÓLI



ÁRSSKÝRSLA
SKÓLAÁRIÐ 2014 – 2015

Innihald

Inngangur	5
Annáll skólaársins	5
Ýmsar upplýsingar	9
Stjórnendur Flataskóla	9
Nefndir og ráð	9
Skóladagatal	10
Nemendur Flataskóla	11
Fjöldi nemenda í Flataskóla síðustu fimm ár	11
Skóladagur nemenda	13
Nemendafélag	13
Skólaþing	14
Starfsmenn Flataskóla	15
Þróunarstarf og símenntun starfsmanna	18
Áhersluatriði skólaársins	18
Þróunarverkefni og símenntun starfsmanna	18
Þróun skólastarfs fyrir fjögurra ára og fimm ára nemendur	18
Heilsueflandi skóli	18
Nýsköpun og frumkvöðlamennt í skólastarfi	19
Félagastuðningur	19
Hreyfistundir	19
Náttúrufræðikennsla	19
Comeniusarverkefni	19
Sjálfsmatsskýrsla	21
Tengsla- og líðankönnun	21
Skólapúlsinn – nemendakönnun	21
Skólapúlsinn – foreldrakönnun	22
Skólapúlsinn – starfsmannakönnun	22
Samstarf heimilis og skóla	23
Haustfundir foreldra	23
Nemenda- og foreldraviðtöl	23
Opinn fundur með skólastjórnendum	23
Skólaráð Flataskóla	23
Foreldrafélag Flataskóla	23
Bekkjarfulltrúar	25
Skýrslur árganga	27
Skýrsla deildarstjóra í 4ra og 5 ára bekk	27
Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk	30

Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk	32
Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk	34
Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk	36
Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk	39
Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk	41
Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk	44
Skýrsla um sérkennslu	47
Sérkennsla í 1. – 3. bekk	48
Sérkennsla í 4. - 7. bekk	49
Samræmd könnunarpróf	50
Skýrslur kennara í list- og verkgreinum	61
Hönnun og smíði	61
Textílmennt	62
Myndmennt	64
Íþróttir og sund	67
Tónmennt	68
Heimilisfræði	74
Skýrsla námsráðgjafa	77
Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni	79
Tómstundaheimilið Krakkakot	83

Inngangur

Ársskýrsla Flataskóla kemur nú út í fjórtánda sinn. Markmiðið með útgáfu skýrslunnar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem unnið er í Flataskóla ár hvert. Ýmsar frekari upplýsingar um daglegt starf í skólanum er að finna á heimasíðu skólans, <http://www.flataskoli.is>. Skýrslan er gefin út á rafrænu formi og er vistuð á vef skólans.

Annáll skólaársins

Skólastarfið hófst með því að starfsmenn mættu að loknu sumarleyfi á endurmenntunarnámskeið 13. og 14. ágúst. Að loknum námskeiðum hófu starfsmenn vinnu við undirbúning skólaársins.

Skólasetning var mánudaginn 25. ágúst að viðstöddum nemendum og forráðamönnum þeirra. Það er alltaf jafn ánægjulegt hve margir foreldrar og forráðamenn fylgja börnum sínum á skólasetningar í Flataskóla. Skólastarf hófst síðan samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 26. ágúst.

Í byrjun skólaárs var að venju hópeflis- og samskiptabema hjá öllum nemendum. Þar var áhersla lögð á að efla félagsleg samskipti nemenda og bekkjarandann. Vinabekkir fóru í heimsókn hver til annars og unnu saman að margvíslegum verkefnum. Lesnar voru sögur sem tengdust þemanu og nemendur hönnuðu vinabönd, vinakörfur og spiluðu saman á margvísleg spil.

Í byrjun september var útivistardagur í Flataskóla. Farið var í Guðmundarlund í Kópavogi. Ekki leit vel út með veður þegar börnin voru að koma sér fyrir í rútunum á leið í lundinn. En það rættist úr og var að mestu ágætisveður á meðan dvalið var þar. Nemendur og starfsfólk undi sér þar við leiki og grill í yndislegu umhverfi.



Fjör í Guðmundarlundi

Í byrjun nóvember var vinavika í skólanum í tengslum við baráttudag gegn einelti. Að því tilefni hittust nemendur í vinabekkjunum og unnu saman að ýmsum verkefnum. Nemendur unnu t.d. vinaregnboga sem var búinn til úr myndum af höndum þeirra. Inn í hverja hönd skrifuðu þau falleg og vinaleg orð og skreyttu á margvíslegan hátt.

Í tilefni dags íslenskrar tungu 16. nóvember gerðu nemendur og kennarar sér dagamun og héldu upp á hann með ýmsu móti. Nemendur í 4 og 5 ára bekk sungu um lóuna úti í Vigdísarlundi, 1. bekkur bjó til nótnastöð um lóukvæðið sem hengt var upp á gangi skólans, 2. bekkur bjó til leikrit eftir nokkrum ljóðum Jónasar Hallgrímssonar. 3. og 6. bekkir unnu með nafnið hans Jónasar í leiknum orð af orði. Nemendur í 4. bekk skoðuðu veðrið og fundu íslensk veðurorð. Nemendur í 5. bekk léku sér að orðhlutum úr ljóðinu „Á íslensku má alltaf finna svar“ og nemendur í 7. bekk léku og tóku upp á myndbönd ljóð, sögur og málshætti. Eldri bekkirnir fóru einnig í ratleik á svæðinu kringum skólann en yngri bekkirnir röltu út í Vigdísarlund með nestið sitt.

Í lok nóvember var rýmingaræfing í skólanum og um leið var hleypt af stokkunum árlegu eldvarnarátaki Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Í hátíðarsal skólans fluttu bæjarstjóri Garðabæjar og formaður Landssambandsins ávörp og fræddu nemendur m.a. um eldvarnir. Því loknu var skólinn rýmdur samkvæmt rýmingaráætlun og allir fóru út á söfnunarsvæði skólans.

Tveggja daga jólaþema „Látum gott af okkur leiða“ var að venju í byrjun desember. Nemendum var skipt upp í aldursblandaða hópa og bjuggu m.a. til jólakort, kókóskúlur, gifssnjókarla, þæfða jólaljósaseríu og hálsmen úr þæfðum ullarkúlum, jólatré úr pappír og tré, bökuðu smákökur, bjuggu til snjókarla úr sokkum og að mála tréjólaveina. Afurð þeirrar vinnu var seld á jólamarkaði í skólanum. Ágóði markaðarins var til styrktar starfi UNICEF til rannsóknar á sjúkdómnum ebólu. Mikil vinnugleði ríkti í öllum skólanum og var gaman að sjá hve allir voru duglegir að vinna að þessu verkefni enda gefandi og í anda jólanna að sinna þeim sem eru hjálparþurfi eru.

Í febrúar tóku allir nemendur og starfsmenn að venju þátt í heilsuátakinu Lífshlaupinu. Lífshlaupskeppni nemenda stóð yfir í tvær vikur og var markmiðið að nemendur hreyfðu sig a.m.k. í 60 mínútur á dag. Nemendur Flataskóla stóðu sig mjög vel og voru í 2. sæti í ár með 99,71% þátttökuhlutfalli og 10,2 daga. Það voru stoltir nemendur úr 1. – 7. bekk sem fóru fyrir hönd félaga sinna síðastliðinn föstudag að taka á móti viðurkenningunni í hátíðarsal KSÍ.



Fulltrúar Flataskóla taka á móti viðurkenningu fyrir góðan árangur í Lífshlaupinu

Nemendur í 4 og 5 ára og 1. og 2. bekk fóru í skíðaferð í Bláfjöll í febrúar en það var ekki fyrr en í lok apríl sem tókst að fara með eldri nemendur skólans í skíðaferð. Þá var búið að fresta henni margsinnis

vegna veðurs. Veðurguðirnir léku loks við nemendur og starfsmenn þegar farið var og var því þess virði að bíða eftir góðu veðri.

Það var að venju mikið fjör í skólanum á öskudegi. Nemendur mættu í alls kyns búningum sem mikil natni var við að útbúa. Eins og undanfarin ár fengu nemendur að heimsækja ýmsar stöðvar sem staðsettar voru á göngum skólans og leysa ýmis verkefni og fengu að launum sælgæti í poka. Verkefnin fólust í því að nemendur þurftu að syngja, dansa, slá köttinn úr tunnunni, grípa prik eða sýna skemmtilegar grettur. Sjöundu bekkingar afgreiddu á nammistöðvum og fylgdust vel með því að yngri nemendur ynnu sitt verk vel. Einnig var sett upp draugahús í raunvísindastofu sem var afar vinsælt og diskó í salnum. Í lok dags voru sýndar ýmsar kvikmyndir sem nemendur gátu ýmist valið um að horfa á eða fara heim. Mikil ánægja var með fyrirkomulag dagsins.

Í mars var að venju haldin svokölluð Flatóvionhátíð í skólanum þar sem nemendahópar komu fram og sungu og dönsuðu. Átta atriði voru á dagskrá eða tvö frá hverjum árgangi í 4. – 7. bekk. Nemendur höfðu lagt mikið á sig við undirbúning, það voru útbúnir flottir búningar, frumsamdir dansar og fleira í þeim dúr til að allt yrði sem flottast. Nemendur sáu sjálfir um kynningu á dagskráatriðum, þeir tóku atriðin upp á myndband, sáu um alla tæknivinnu sjálfir og að allt væri til taks á sviðinu. Ljós- og hljóðmenn voru með allt á hreinu enda fór hátíðin vel fram Hlutskarpastar urðu stúlkur í 7. bekk með lagið „Gefðu allt sem þú átt“ eftir Jón Jónsson. Dómurunum fannst erfitt að velja þar sem hóparnir voru allir afar frambærilegir og flottir.



Sigurvegarar í Flatóvision 2015

Ljóðasamkeppni var haldin í maí þar sem allir nemendur skólans tóku þátt í. Nemendur í 4 og 5 ára, 1. og 2. bekk unnu með stafa- og rímljóð, í 3. og 4. bekk var unnið með hækur, í 5. og 6. bekk voru það ferskeytlur og í 7. bekk nútíma- og óhefðbundin ljóð. Verðlaunahafar úr öllum aldursflokkum fluttu síðan ljóð sín við skólaslit og fengu afhent verðlaun.

Flataskólaleikarnir voru í lok maí. Nemendum var skipt þvert á árganga og fóru þeir á milli níu stöðva sem settar voru upp hér og þar á skólalóðinni. Veður var þökkalegt þótt frekar væri kalt í lofti og sást sólin af og til. Aðstoðuðu eldri nemendur þá yngri og var ánægjulegt að sjá hve vel þeir sáu um ungu nemendurnar. Á dagskrá var m.a. dans í hátíðarsal, svampakast, blöðru- og pílukast, pókö, kubbur, æfingar á hreystivelli, samvinnuboðhlaup. Endað var á allir nemendur og starfsmenn dönsuðu saman úti á skólalóðinni.

Í maí tóku nemendur skólans þátt í góðgerðarverkefni til að styðja við börn í Nepal vegna jarðskjálfta sem þar riðu yfir í apríl. Nemendur söfnuðu peningum með því að gera eitthvert viðvik heima fyrir eða hjá afa, ömmu, frænda eða frænku. Nemendur söfnuðu þannig áheitum og fengu laun fyrir. Söfnuðust rúmlega 420 þúsund kr. sem afhentar voru til starfsmannanna frá UNICEF í morgunsamveru. Nemendur fengu einnig fræðslu og myndasýningu um hvernig fénu yrði ráðstafað.

Síðustu dagar skólaársins, í maí og júní, voru að venju notaðir til útiveru og vorferða. Nemendur fóru í hjólaferðir og ýmsar skoðunarferðir. Þessar ferðir eru hluti af skipulögðu skólastarfi vetrarins og eru því eins mikilvægar og aðrir þættir í námi nemenda.

Síðasta kennsludag fóru allir nemendur og starfsmenn í vorferð í gönguferð um Búrfellsgjá. Þar gengu vinabekkir saman og snæddu nesti. Síðan var farið til baka í skólann og þar voru grillaðar pylsu og nemendur fóru í leiki með vinabekkjum sínum.

Sérstök athöfn var í tilefni útskriftar nemenda í 7. bekk og fór hún fram síðdegis þriðjudaginn 9. júní. Við athöfnina spiluðu nemendur á hljóðfæri og sungu, fulltrúar nemenda flutti hugleiðingar um árin sín í Flataskóla og verðlaunaljóð í ljóðakeppni Flataskóla voru flutt. Veittar voru viðurkenningar fyrir góðan námsárangur, þrautseigju og vinnusemi í námi, þróðmennsku, hjálpssemi og framfarir. Umsjónarkennarar sjöundu bekkja afhentu nemendum sínum vitnisburð og kveðju frá þeim og bekkjarfélögum og stjórnendur gáfu öllum nemendum birkiplötu til gróðursetningar sem kveðjugjöf frá skólanum. Að lokum buðu foreldrar upp á glæsilegt hlaðborð með fjölbreyttum veitingum.

Skólanum var slitið við hátíðlega athöfn í 57. skiptið föstudaginn 10. júní. Nemendur mættu í hátíðarsal skólans og margir foreldrar komu með börnum sínum á skólaslitin. Við skólaslitin voru að venju úrslit í ljóðasamkeppni Flataskóla kynnt. Við skólaslit var Olga G. Snorradóttir kennari við Flataskóla heiðruð sérstaklega fyrir 40 ára starf við skólann.

Skólastarfið í Flataskóla, skólaárið 2014-2015, hefur verið einstaklega farsælt. Enn hefur nemendum fjölgað og nýir nemendur bæst við í hverjum mánuði. Frá október til maí fjölgaði nemendum t.d. um 25 sem nemur heilli bekkjardeild.

Af því sem hér hefur verið rakið er ljóst að mjög fjölbreytt starf fór fram í Flataskóla á liðnu skólaári. Hér hefur þó aðeins verið stiklað á stóru en í skýrslunni verður m.a. fjallað nánar um skólastarfið í einstökum árgöngum, þó ógerningur sé að gefa tæmandi mynd af öllu því starfi sem unnið er í skólanum ár hvert.

Garðabæ í júní 2015.

Helga María Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri.

Ýmsar upplýsingar

Stjórnendur Flataskóla

Skólastjóri
Aðstoðarskólastjóri
Deildarstjóri
Deildarstjóri sérkennslu

Ólöf Sigurðardóttir
Helga María Guðmundsdóttir
M. Elín Guðmundsdóttir
Helga Melsteð

Nefndir og ráð

Skólaráð

Ólöf S. Sigurðardóttir, skólastjóri
Helga María Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri
Árni Már Árnason, kennari
Helga Sigríður Guðjónsdóttir, kennari
Sigrún Guðmundsdóttir, skólaliði
Ása Björg Tryggvadóttir, foreldri
Ólafur G. Skúlason, foreldri
Ólafur Sveinbjarnarson, foreldri
Sandra Theodórsdóttir, nemandi
Borgþór örn Þórsson, nemandi

Nemendaverndarráð

Ásta Bára Jónsdóttir
Helga María Guðmundsdóttir
Helga Melsteð
M. Elín Guðmundsdóttir
Ólöf S. Sigurðardóttir
Sigrún Jensdóttir
Trausti Valsson

Stjórn starfsmannafélags Flataskóla

Anna Lena Halldórsdóttir
Helena Jónasdóttir
Jón Bjarni Pétursson
Linda Þorvaldsdóttir
Sólveig Jóhannsdóttir

Áfallaráð

Ásta B. Jónsdóttir
Helga María Guðmundsdóttir
Jóna Guðrún Oddsdóttir
Olga Guðrún Snorradóttir
Ólöf S. Sigurðardóttir
Sigrún Jensdóttir

Trúnaðarmaður kennara

Linda Þorvaldsdóttir
Þórhildur Helga Þorleifsdóttir til vara

Trúnaðarmaður starfsmanna
í starfsmannafélagi Garðabæjar

Sigrún Guðmundsdóttir
Dóra Þórisdóttir til vara

Ritstjórn heimasíðu

Kolbrún Svala Hjaltadóttir

Skóladagatal

Starfsemi Flataskóla var í samræmi við samþykkt skóladagatal ársins 2014-2015. Það var unnið í samráði við skólaráð skólans og skólaskrifstofu. Sjá nánar á heimasíðu skólans <http://flataskoli.is>.

Samkvæmt skóladagatali voru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda voru 174 og skertir dagar alls sex. Skertir dagar eru þeir dagar sem nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Þeir dagar eru skólaþingardagur, tveir nemenda- og foreldraviðtalsdagar, jólaþingur, öskudagur og skólaslitadagur.

Skólaþing var 25. ágúst 2014. Jólaþingur voru 19. desember og jólaþingur frá 22. desember til og með 2. janúar 2015. Vetrarþingur var frá 10.-13. febrúar og páskaþingur frá 30. mars til og með 6. apríl. Einnig féll kennsla niður vegna fimm skipulagsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 12. september, 27. október, 2. janúar, 9. febrúar og 15. maí. Skólaslit voru 10. júní.



Nemendur fylgjast með sólmyrkva sem var 20. mars 2015

Nemendur Flataskóla




Skólaárið 2014-2015 einkenndist af mikilli nemendafjölgun. Í september voru í skólanum 360 nemendur en í lok skólaársins voru þeir orðnir alls 385, þarf af 163 drengir og 222 stúlkur. Skipting nemenda í árganga var misjöfn. Í 4 og 5 ára bekk voru 39 börn í einum umsjónarhópi. Í 1. bekk voru 42 nemendur í tveimur umsjónarhópum. Í 2. bekk voru 37 nemendur í tveimur umsjónarhópum. Í 3. bekk voru 40 nemendur í tveimur umsjónarhópum. Í 4. bekk voru 50 nemendur í tveimur umsjónarhópum en var skipt í þrjá vinnuhópa frá áramótum vegna mikillar fjölgunar og sáu þá þrír kennarar um kennsluna. Í 5. bekk voru 71 nemandi í þremur umsjónarhópum. Í 6. bekk voru 50 nemendur í tveimur umsjónarhópum en var eins og í 4. bekk skipt í þrjá vinnuhópa frá áramótum vegna mikillar fjölgunar og sáu þá þrír kennarar um kennsluna. Í 7. bekk voru 56 nemendur í þremur umsjónarhópum.

Nemendafjöldi skiptist á eftirfarandi hátt eftir umsjónarhópum:

	Piltar	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennarar
4ra og 5 ára	16	23	39	Magnea G. Hafberg Sverrisdóttir
1.ÁS	9	11	20	Ágústa Amelía Sigurbjörnsdóttir
1.MH	12	10	22	Margrét Haraldsdóttir
2.MT	7	11	18	Margrét Tómasdóttir
2.SG	8	11	19	Svanhvít Guðbjartsdóttir
3.EÁ	9	9	18	Elín Ása Þorsteinsdóttir
3.RG	14	8	22	Ragna Gunnarsdóttir
4.AG	7	19	26	Auður Gunnarsdóttir
4.EÞ	9	15	24	Erna Þorleifsdóttir
5.AH	11	14	25	Anna Lena Halldórsdóttir
5.GR	10	13	23	Guðríður Rail
5.HF	10	13	23	Heiðveig Hanna Friðriksdóttir
6.HP	8	17	25	Hafþór Þorleifsson
6.KÞ	8	17	25	Kristín Ósk Þorleifsdóttir
7.HL	9	12	20	Hanna Lóa Friðjónsdóttir
7.RS	9	8	18	Rakel Svansdóttir
7.ÞH	7	11	18	Þórhildur Helga Þorleifsdóttir
	163	222	385	

Fjöldi nemenda í Flataskóla síðustu fimm ár

	2010-11	2011-12	2012-13	2013-14	2014-15
Fjöldi nemenda	284	263	255	318	385



Skóladagur nemenda

Skólastarf hófst kl. 8:30 hjá öllum árgöngum. Hjá 1. - 4. bekk lauk skóla alla daga kl. 14:00 og hjá 5. – 7. bekk kl. 14:20.

Nemendur gátu mætt í skólann fyrir kl. 8:00 á morgnana og þá voru kennslustofur opnar. Skólaliðar voru á svæðunum og höfðu eftirlit með nemendum þangað til kennsla hófst klukkan 8:30. Eftir að skóla lauk á daginn bauðst nemendum í 1. - 4. bekk lengd viðvera sem var starfrækt á vegum tómstundaheimilis skólans.

Þrisvar í viku var morgunsamvera þar sem allir nemendur og starfsmenn komu saman í hátíðarsal skólans í 10 – 15 mínútur. Þar voru rædd mál líðandi stundar, fluttar tilkynningar og sungið saman. Markmiðið var að eiga notalega stund saman í byrjun skóladags.

Nemendur fengu tíu mínúta nestistíma einu sinni á dag og einu sinni 20 mínúta hádegishlé. Í nestistímanum snæddu nemendur léttu hressingu í kennslustofunni en í hádegishléi var borðað í matsalnum. Tvisvar sinnum á dag voru nemendur í útvist þ.e. kl. 9:50-10:10 og kl. 11:30- 12:00 hjá 5. – 7. bekk og kl. 11:50 -12:20 hjá 1. – 4. bekk.

Nemendur sóttu íþróttakennslu í íþróttamiðstöð Garðabæjar, Ásgarð. Allir nemendur skólans voru með þrjá íþróttatíma á viku á stundaskrá, einn í sundi og tvo í íþróttum.



Morgunsamvera

Nemendafélag

Samkvæmt 10. gr. laga um grunnskóla skal starfa nemendafélag í grunnskólum sem á m.a. að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Markmiðið með nemendafélaginu er að auka félags- og samskiptafærni nemendanna sem og virðingu og metnað þeirra fyrir skólanum.

Tveir fulltrúar eru úr hverjum árgangi, einn strákur og ein stúlka sitja í stjórn félagsins og er valið í stjórnina með því að draga á milli þeirra nemenda sem sýna áhuga eða bekkjarfélagar tilnefna. Hver fulltrúi situr eitt til tvö skólaár. Fundir voru haldir fjórum sinnum á skólaárinu og stjórnar aðstoðarskólastjóri fundum og heldur utan um nemendafélagið. Á fundunum voru rædd ýmis mál sem

tengjast skólastarfinu bæði það sem betur má fara og einnig það sem nemendur eru ánægðir með varðandi skólastarfið. Stjórn nemendafélagsins skipulagði m.a. baráttudag gegn einelti á skólaárinu.

Skólalæping

Á skólaárinu var áfram unnið að því að efla nemendalýðræði og liður í því var að halda skólalæping sem nemendur sátu í aldursblönduðum hópum. Nemendum var skipt í þrjá hópa sem sóttu saman skólalæpingin. Þannig voru nemendur í 5 ára bekk, 1. - 3. bekk saman, nemendur í 4. og 5. bekk voru saman og nemendur í 6. og 7. bekk voru saman. Skólalæping voru haldin hjá öllum þessum hópum tvisvar sinnum á skólaárinu. Skólalæpingin voru haldin í hátíðarsal skólans í 20-30 mínútur í senn.

Markmið þinganna er að nemendur þjálfist í að ræða ýmis mál, læri að koma skoðunum sínum á framfæri og læri einnig að virða skoðanir annarra. Mál þau sem tekin voru til umræðu voru bæði fyrirfram ákveðin og einnig gátu nemendur borið upp mál sem þeir vildu ræða. Rætt var m.a. um það sem betur mætti fara varðandi skipulag á útivist, lagaval í morgunsamveru, matinn og samskipti nemenda. Skólalæpingin tókust mjög vel og eru nú orðin fastur þáttur í skólastarfinu.



Starfsmenn Flataskóla

Skólaárið 2014 - 2015 voru starfandi við skólann 57 starfsmenn. Þarf af voru þrjátíu og sex kennarar og stjórnendur, sex skólaliðar, fjórir stuðningsfulltrúar, fimm starfsmenn tómstundaheimilis og sex aðrir starfsmenn. Starfsmannahópurinn samanstendur af fagmenntuðum og ófaglærðum sem vinna saman með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.


Eftirfarandi starfsmenn störfuðu við skólann skólaárið 2013 - 2014:




Nafn:	Stöðuheiti:	Stöðuhlutfall:
Anna Lena Halldórsdóttir	umsjónarkennari í 5. bekk	50%
Anna Sigríður Pálsdóttir	starfsmaður tómstundaheimilis	50%
Auður Gunnarsdóttir	umsjónarkennari í 4. bekk	67%
Ágústa Amelía Sigurbjörnsdóttir	umsjónarkennari 1. bekk	100%
Árni Már Árnason	smíðakennari	50%
Ásrún Þóra Sigurðardóttir	skólaliði	100%
Ásta B. Jónsdóttir	námsráðgjafi	50%
Birna Sólveig Guðmundsdóttir	leikskólakennari	100%
Bryndís Rut Stefánsdóttir	kennari í 4. og 6. bekkjum	100%
Dóra Þórisdóttir	leiðbeinandi í 4ra og 5 ára bekk	100%
Elín Ása Þorsteinsdóttir	umsjónarkennari í 3. bekk	100%
Elma Dögg Birgisdóttir	leiðbeinandi í 4ra og 5 ára bekk	100%
Erna Þorleifsdóttir	umsjónarkennari í 4. bekk	100%
Fanney Ófeigsdóttir	deildarstjóri í 4ra og 5 ára bekk	100%
Guðbjörg Arnarsdóttir	matráður starfsmanna (frá 1. mars)	70%
Guðlaug Einarsdóttir	sérkennari	67%
Guðný Ingunn Aradóttir	stuðningsfulltrúi	100%
Guðríður Rail	umsjónarkennari í 5. bekk	100%
Gunnar Ágúst Arnórsson	húsvörður	100%
Gunnlaugur Hafsteinn Elsuson	íþróttakennari	100%
Hafþór Þorleifsson	umsjónarkennari í 6. bekk	100%
Hanna Lóa Friðjónsdóttir	umsjónarkennari í 7. bekk	100%
Heiðveig Hanna Friðriksdóttir	umsjónarkennari í 5. bekk	100%
Helga Sigríður Guðjónsdóttir	heimilisfræði- og enskukennari	100%
Helga María Guðmundsdóttir	aðstoðarskólalastjóri	100%
Helga Melsteð	deildarstjóri í sérkennslu	100%
Íris Indriðadóttir	íþróttakennari	100%
Jón Bjarni Pétursson	tónlistar- og íþróttakennari	67%
Jóna Guðrún Oddsdóttir	ritari	100%
Jónína Sigrún Ólafsdóttir	starfsmaður tómstundaheimilis	50%
Kolbrún Svala Hjaltadóttir	kennsluráðgjafi í tölvum	100%
Kristel Líf Ottósdóttir	skólaliði	70%
Kristín Ósk Kristinsdóttir	matráður starfsmanna (til 1. mars)	60%
Kristín Ósk Þorleifsdóttir	umsjónarkennari í 6. bekk	50%
Linda Þorvaldsdóttir	myndmenntakennari	67%
M. Elín Guðmundsdóttir	deildarstjóri	100%
Magnea G. Hafberg Sverrisdóttir	deildarstjóri í 4ra og 5 ára bekk	100%
Margrét Ásdís Haraldsdóttir	umsjónarkennari í 1. bekk	100%
Margrét Indíana Guðmundsdóttir	textíl- og dönskukennari	100%
Margrét Tómasdóttir	umsjónarkennari í 2. bekk	67%
Marvin Valdimarsson	leiðbeinandi í 3. bekk	75%
Olga G. Snorradóttir	sérkennari	100%
Ólög S. Sigurðardóttir	skólalastjóri	100%

Patrik Hudek	skólaliði	100%
Ragna Gunnarsdóttir	umsjónarkennari í 3. bekk	100%
Rakel Svansdóttir	umsjónarkennari í 7. bekk	67%
Rósa Siemsen	forstöðumaður tómstundaheimilis	75%
Sigrún Guðmundsdóttir	skólaliði	100%
Sigurbjörg Helena Jónasdóttir	stuðningsfulltrúi/skólaliði	75%
Sigurlaug Stefánsdóttir	skólaliði	50%
Sólveig Jóhannsdóttir	starfsmaður á bókasafni	75%
Stefania Paula Bizoi	skólaliði	100%
Steinunn Sif Jónsdóttir	stuðningsfulltrúi	75%
Svanhvít Guðbjartsdóttir	umsjónarkennari í 2. bekk	100%
Sveinbjörg Bergsdóttir	sérkennsla	100%
Þórdís Ylfa Þórsdóttir	leiðbeinandi á tómst.heimili	5 klst. á viku
Þórhildur Helga Þorleifsdóttir	umsjónarkennari í 7. bekk	75%
Þórhildur Þorleiksdóttir	leiðbeinandi á tómst.heimili	5 klst. á viku

Halla Rósenkranz Guðmundsdóttir kennari var í fæðingarorlofi á skólaárinu og leysti Heiðveig Hanna Friðriksdóttir hana af. Þóra Dögg Ómarsdóttir deildarstjóri í 5 ára bekk var einnig í fæðingarorlofi og leysti Magnea Hafberg hana af. Hannes Ingi Geirsson íþróttakennari var í launalausis leyfi á skólaárinu og kenndi Gunnlaugur H. Elsuson íþróttir í stað hans. Guðlaug Einarsdóttir sérkennari var í veikindaleyfi á vorönn og leysti Sveinbjörg Bergsdóttir hana af. Kristín Ósk Kristinsdóttir matráður starfsmanna lét af störfum 1. mars

Við skólalok létu af störfum við skólann þær Dóra Þórisdóttir leiðbeinandi í 4 og 5 ára bekk og Sigurlaug Stefánsdóttir, skólaliði. Sigurlaug þiggur nú eftirlaun en Dóra fer í annað starf. Þeim eru þökkun vel unnin störf við skólann síðustu árin og færðar bestu óskir um farsæla framtíð.





Þróunarstarf og símenntun starfsmanna

Áhersluatriði skólaársins

Helstu áhersluatriði á skólaárinu 2014-2015 voru:

- Áframhaldandi þróun á starfinu í fjögurra og fimm ára bekk
- Innleiðing á nýrri aðalnámskrá.
- Auka notkun á Mentor og gerð námsáætlana í kerfinu.
- Verkefnið heilsueflandi grunnskóli þróað enn frekar.
- Innleiðing á gjörhygli meðal nemenda og starfsmanna.
- Hreyfistundir í byrjun skóladags hjá yngstu nemendum og auka hreyfingu hjá öllum nemendum.

Þróunarverkefni og símenntun starfsmanna

Starfsmenn Flataskóla leggja áherslu á fagleg vinnubrögð og að veita nemendum og foreldrum öfluga þjónustu sem byggir á þekkingu og reynslu. Þess vegna er lögð rík áhersla á símenntun starfsmanna og fjölbreytta starfsþróun.

Í Flataskóla voru m.a. eftirfarandi námskeið og fræðslufundir á dagskrá á skólaárinu:

- Hreyfing barna – skipulagðar hreyfistundir.
- Viðtalsfærni, um grunnatriði viðtalstækni og hvernig má byggja upp fundi með foreldrum.
- Leið til læsis. Námskeið fyrir kennara á yngsta stigi í september á vegum Skóladeildar.
- Um nýsköpun í skólastarfi.
- Litla upplestrarkeppnin. Kynning á lestrarátaki í 4. bekk á vegum Skóladeildar.
- Félagastuðningur. Kennarar fylgjast með hvor öðrum í kennslu og miðla sín á milli.
- Örnámskeið í tölvum og tækni. Námskeið og vinnufundir á vegum kennsluráðgjafa í tölvum- og upplýsingatækni jafnt og þétt yfir skólaárið.
- Brúum bilið. Samfella í námi barna frá leik- til grunnskóla. Kynning á vegum Skóladeildar.
- Stóra upplestrarkeppnin. Kynning fyrir kennara í 5. – 7. bekk.
- Fagfundir kennara í Garðabæ, hver árgangur kynnti eitt verkefni að eigin vali.
- Náttúrufræðinámskeið fyrir yngsta- og miðstigs kennara í grunnskólum Garðabæjar.

Auk þess sóttu einstaka starfsmenn önnur námskeið, einir eða í smærri hópum.

Skólaárið 2014-2015 var áfram unnið með nokkur af skólaþróunarverkefnum frá fyrra ári. Má þar nefna innleiðingu nýrrar aðalnámskrár, endurskoðun skólanámskrár samhliða endurskoðun á námáætlunum. Ný námskrá verður ekki innleidd án þess að námsmat sé endurskoðað og fært í samræmi við áherslur í námskránni. Þessi verkefni eru auk þeirra sem hér verða talin upp helstu skólaþróunarverkefni sem unnið var að í Flataskóla skólaárið 2014-2015.

Þróun skólastarfs fyrir fjögurra ára og fimm ára nemendur

Frá haustinu 2012 hefur verið starfrækt deild í Flataskóla fyrir 5 ára börn. Það starf hefur gengið mjög vel. Nú í vetur hefur verið bætt við deild fyrir 4 ára börn. Í vetur verður því unnið að því að þróa starfið enn frekar með áframhaldandi starf í huga. Áhersla er áfram sett á samstarf við 1. bekk.

Heilsueflandi skóli

Heilsuefling í skólum er verkefni sem hefur það að leiðarljósi að efla getu barna og ungmenna til að takast á við verkefnin sem bíða þeirra í lífinu og stuðla að jákvæðum breytingum í samfélaginu. Í heilsueflandi skóla er leitast við að skapa umhverfi þar sem nemendur, í samstarfi við kennara og aðra,

öðlast trú á að ná árangri í lífinu. Stuðlað er að jákvæðu andrúmslofti sem elur á góðum samskiptum og gagnrýnni umræðu um gildi og hugsjónir. Þetta er þriðja árið sem unnið er með verkefnið í Flataskóla.

Nýsköpun og frumkvöðlamennt í skólastarfi

Níu kennarar skólans sóttu námskeiðið Frá frumkvæði til framkvæmdar – efling nýsköpunar- og frumkvöðlahæfni og þróun kennsluhátta og námsmats á grunnskólastigi. Verkefnið var styrkt af Sprotasjóði og fól í sér samstarf Flataskóla, Garðaskóla, Klifsins, Menntaklifsins, Menntavísindasviðs HÍ og Félags kennara í nýsköpunar- og frumkvöðlamennt. Kennarar sóttu þrjár tveggja daga lotur yfir skólaárið.

Félagastuðningur

Flataskóli ásamt Hofsstaðaskóla fékk styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til að vinna að svokölluðum félagastuðningi meðal kennara. Þá fylgjast kennarar með hvor öðrum í kennslu, leggja mat á kennslustundina og miðla sín á milli. Markmiðið með því er að hverjum starfsmanni gefist kostur á að fylgjast á vettvangi með starfi samstarfsfélaga, að stuðla að starfsþróun hvers og eins og nýta til þess þann mannauð sem fyrir er í skólanum.

Hreyfistundir

Á skólaárinu var unnið að því að efla og auka hreyfingu barna í skólanum. Rannsóknir hafa sýnt fylgni á milli aukinnar hreyfingar og námsárangurs. Stundaskrá yngri nemenda var skipulögð þannig að hreyfistund var í byrjun skóladags alla daga vikunnar, íþróttir, sund eða útileikir. Einnig hafa hreyfistundir verið skipulagðar í daglegu skipulagi eldri nemenda. Skólinn fékk styrk úr Lýðheilsusjóði til að vinna að þessu verkefni skólaárið 2014-2015 og fékk tveggja daga námskeið fyrir kennara sem Hermundur Sigmundsson prófessor við Háskólann í Þrándheimi og Erlingur Jóhannsson prófessor við Háskóla Íslands sáu um.

Náttúrufræðikennsla

Á vorönn var kennurum sem kenna á yngsta- og miðstigi í grunnskólum Garðabæjar boðið að sækja námskeið í náttúrufræðikennslu. Um var að ræða sjö lotur frá febrúar til maí, fjórar klukkustundir í senn frá 13:00-17:00, á mismunandi vikudögum. Námskeiðinu lýkur með þremur námskeiðsdögum í ágúst 2015. Það var skóladeild sem stóð fyrir námskeiðinu. Alls sóttu 12 kennarar Flataskóla námskeiðið.

Comeniusarverkefni

Flataskóli hefur undanfarin tvö ár verið þátttakandi í Comeniusarverkefninu Lively Outdoor Learning (LOL). Aðrar þátttakendur eru frá Eistlandi, Ítalíu, Noregi, Póllandi, Spáni og Tyrklandi.

Eins og nafnið á verkefninu gefur til kynna er um að ræða verkefni sem hefur það að markmiði að auka útikennslu og hafa þáttökuskólarnir skipst á hugmyndum að útikennsluverkefnum ásamt því sem þáttökukennarar í Flataskóla hafa þróað hin ýmsu verkefni sem nýst hafa vel í útikennslu.

Þau verkefni sem skólarnir unnu að í vetur tengdust sögu, vísindum, stærðfræði og íþróttum, móðurmáli, ensku og íþróttum ásamt verkefni í list- og verkgreinum. Öll voru þessi verkefni unnin að mestu eða öllu leyti utan dyra. Þeir kennarar sem að verkefninu komu í Flataskóla sáu einnig um skipulagningu og umsjón á Degi íslenskrar tungu í nóvember.

Þeir kennarar sem koma hafa að verkefninu frá Flataskóla eru Anna Lena, Ágústa, Elín Ása, Helga Sigríður, Linda og Ragna. Hafþór hefur verið stjórnandi verkefnisins í Flataskóla.

Kennsluárið 2014-15 var fyrirhugað að fara fjórar heimsóknir til þáttökuskólanna. Ekki var unnt að senda þátttakendur í fyrstu ferðina sem var á dagskrá í október í Eistlandi, þar sem ekki var hægt að tryggja afleysingu



fyrir þá kennara sem áttu að fara. Anna Lena, Elín Ása og Linda fóru í ferð til Spánar í lok nóvember. Hafþór, Helga Sigríður og Ragna fóru til Tyrklands í mars og Ágústa og Hafþór fóru til Póllands í maí. Verkefninu lauk formlega í Póllandi í maí.

Allar hafa þessar ferðir verið mjög áhugaverðar og þeir kennarar sem hafa sótt þær hafa komið til baka reynslunni ríkari með hugmyndir sem hægt er að aðlaga að íslensku kennsluumhverfi og nýtast margar hverjar mjög vel í kennslu.

Hafþór Þorleifsson, verkefnastjóri.



Starfsmenn skemmta nemendum í morgunsamveru í desember

Sjálfsmatsskýrsla

Sjálfsmatsáætlun skólans er byggð á skólastefnu Flataskóla og skólastefnu Garðabæjar. Árlega er gerð áætlun um mat á ýmsum þáttum sem snúa að skólastarfinu.

Á liðandi skólaári var sjálfsmat skólans að mestu byggt á Skólapúlsinum en þrjár viðamiklar kannanir voru lagðar fyrir.

Nemendakönnun er lögð fyrir í október og apríl en þá eru nemendur í elstu tveimur árgöngum skólans spurðir um líðan, virkni og almennar spurningar um skóla og bekkjaranda. Tekið er slembiúrtak úr nemendahópnum. Foreldrakönnun er lögð fyrir í febrúar en einnig er tekið slembiúrtak þar og allir starfsmenn svara könnun í mars. Allar kannanirnar eru rafrænar og eru niðurstöður og tölfræðigreiningar unnar af starfsmönnum Skólapúlsins. Kerfið hefur verið tilkynnt Persónuvernd og er engum persónuupplýsingum safnað og því er ekki hægt að sjá hverjir svara hverju.

Markmiðið með könnunum er að útvega okkur í skólanum áreiðanleg, langtímamiðuð og samanburðarhæf gögn um alla helstu þætti í skólastarfinu. Fjölmargir skólar nýta sér þjónustu Skólapúlsins og gefur það möguleika á að bera saman niðurstöður skólans við landsmeðaltal.

Flataskóli hefur nú í sex ár tekið þátt í nemendahluta Skólapúlsins og eru því tiltæk langtímagögn varðandi þann hluta. Foreldrakönnun og starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins voru í fyrsta sinn lagðar fyrir í vetur.

Eftirfarandi kannanir voru lagðar fyrir skólaárið 2014–2015.

- Tengsla- og líðankönnun var lögð fyrir nemendur í október 2014
- Könnun lögð fyrir úrtak nemenda úr 6. og 7. bekk á vegum Skólapúlsins í október 2014
- Foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins var lögð fyrir í febrúar 2015
- Starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins var lögð fyrir í mars 2015
- Tengsla- og líðankönnun var lögð fyrir nemendur í janúar 2015
- Könnun lögð fyrir úrtak nemenda úr 6. og 7. bekk á vegum Skólapúlsins í apríl 2015

Niðurstöður fyrri nemendakönnunar og foreldrakönnunar verðar birtar á heimsíðu skólans

Tengsla- og líðankönnun

Þessi könnun var lögð fyrir í tvígang þetta skólaárið. Deildarstjóri leggur könnunina fyrir. Markmiðið er að greina stöðuna í hverjum bekk fyrir sig. Spurt er um líðan, stríðni og vináttu. Niðurstöðurnar nýtir hver kennari og bregst við niðurstöðum með viðeigandi hætti. Stjórnendum eru birtar niðurstöður. Niðurstöður þessarar könnunar eru ekki birtar opinberlega enda í sumum tilvikum persónugreinanlegar.

Skólapúlsinn – nemendakönnun

Þegar skoðaðar eru niðurstöður nemendakönnunar má segja að almennt líður nemendum vel í skólanum. Í flestum þáttum sýnir skólinn styrkleika en eðli málsins samkvæmt þá er þarna um að ræða þætti sem sífellt er reynt að bæta. Samkvæmt niðurstöðum þá hafa nemendur skólans mikla trú á eigin námsgetu, þeir sína þrautseigju og hafa meiri ánægju af lestri en viðmiðunarhópar. Þeir hafa samkvæmt könnuninni meira sjálfsálit og þeim líður betur en landsmeðaltal. Einelti hefur minnkað töluvert og telst 0,5 stigi minna en viðmiðunarhópar á landsvísu. Þegar skoðuð er röðun skólans miðað við aðra skóla sömu gerðar þá mælist minnst einelti í Flataskóla. Mikil breyting hefur orðið á hreyfingu en sjá má rúmlega 10% meiri hreyfingu meðal barna í skólanum. Bekkjarandi er góður samkvæmt könnuninni og samskipti nemenda og kennara umtalsvert betri en í viðmiðunarskólunum.

Eitt er þó sem vekur upp spurningar og það er að allmikill kynjamunur er í nokkrum þáttum. Þannig virðist stúlkum líða betur en drengjum í skólanum, samskipti stúlkna við kennara sína eru marktækt jákvæðari en samskipti drengja og kennara. Ekki mátti greina neinn kynjamun þegar einelti er skoðað. Kynjamunur er því eitthvað sem við í skólanum verðum að skoða sérstaklega á næsta ári og leita leiða til að jafna hann – eða hífa drengina okkar upp svo að ásættanlegt verði.

Skólapúlsinn – foreldrakönnun

Þegar skoðaðar eru niðurstöður foreldrakönnunarinnar má segja að almennt séu foreldra mjög sáttir við skólastarfið í Flataskóla. Kennarar, stjórnendur og annað starfsfólk fær góðan vitnisburð og ljóst er að foreldrar álíta að í skólanum starfi hæft og metnaðarfullt starfsfólk.

Ánægja foreldra með námið og skólastarfið almennt er mikil og umtalsvert meiri en landsmeðaltal þegar borið er saman. Það er sérlega ánægjulegt og hvetur starfsfólk skólans til að þróa skólastarfið áfram í sama anda og hingað til. Ánægja með nám og kennslu er mikil og raðast skólinn hæstur í samanburði skóla sömu gerðar í þeim þætti. Mikil ánægja er með stjórnun skólans og samskipti við starfsmenn eru einnig mjög góð. Rúmlega 90% foreldra telja að agi í skólanum sé hæfilegur. 94% foreldra telja að skólinn mæti vel þörfum barna þeirra. Foreldrar í skólanum eru rúmlega 30% ánægðari en samanburðarskólar þegar kemur að úrvinnslu skólans í eineltismálum. Það er ánægjulegt og brýnir starfsfólk skólans enn frekar til forvarna gegn einelti.

Ánægja er með starfsemi tómstundaheimilisins og hefur ekki mælst hærri til fjölda ára.

Langflest atriðin sem spurt er um í könnuninni raðast hærra en landsmeðaltal.

Nánari niðurstöður má lesa um í sjálfsmatsskýrslu skólans á heimasíðunni .

Skólapúlsinn – starfsmannakönnun

Könnun var lögð fyrir starfsmenn á vegum Skólapúlsins. Spurt var um ýmsa þætti skólastarfsins. Svarhlutfall var 85% en allir starfsmenn tóku þátt.

Starfsánægja mælist 5,8 sem er marktækt hærra en landsmeðaltal. Þegar spurt er um gæði stjórnunar þá er niðurstaðan á pari við landsmeðaltal aðeins broti lægri. Starfsfólið er ákaflega ánægt með starfsaðstöðu sína og upplýsingarstreymi sem mælist einnig talsvert hærra en landsmeðaltal.

Kennarar skólans eru ánægðir með starfið en meðaltalið er 6,1 sem er marktækt hærra en landsmeðaltalið. Einnig hafa kennararnir meiri trú á getu sinni sem nemur tæpu stigi hærra meðaltali en landsmeðaltal.

Stuðningur við kennara vegna nemenda með ýmis konar frávik s.s. hegðunarvanda og sérkennslu er hærri en landsmeðaltal og samráð og samvinna er á pari við landsmeðaltal.

Þegar skoðaðir eru þættir sem snúa að valddreifingu þá kemur í ljós að skólinn er neðan við meðaltal og þarfnast þessi þáttur því endurskoðunar.

Af þessum niðurstöðum má draga þær ályktanir að starfsfólkið sé almennt sátt við að vinna í skólanum og þær aðstæður sem boðið er upp á. Helst má greina veikleika í mati og endurgjöf sem hvetur til endurskoðunar næsta ár.

Ólöf S. Sigurðardóttir, skólastjóri.

Samstarf heimilis og skóla

Samstarf heimila og skólans hefur aukist mjög á undanförunum árum. Margir kennarar eru nánast í daglegu sambandi við foreldra í gegnum tölvupóst. Mentor hefur verið er í stöðugri þróun og verður sífellt aðgengilegri í notkun. Þar geta foreldrar fylgst náið með námsframvindu barna sinna og ástundun þeirra. Heimasíða skólans er sívirk og þess gætt að þar séu stöðugt birtar gagnlegar upplýsingar og nýjar fréttir úr skólastarfinu. Yfirumsjón með heimasíðunni hefur Kolbrún Svalla Hjaltadóttir kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni og sér hún einnig um að fræða kennara um nýjungar í samskiptum og tölvumálum.

Hautfundir foreldra

Hautfundir foreldra voru haldnir dagana 9. - 16. september. Fundartíminn var kl. 17:30-18:30. Á þessum fundum kynntu umsjónarkennarar skólastarfið og foreldrar ræddu ýmis mál. Mæting á námskynningarfundina var um 80% og var betri en daginn áður.

Í 4 og 5 ára bekk og 1. bekk voru kynningarfundir haldnir 20. og 21. ágúst kl. 17:30 fyrir foreldra og síðan voru einstaklingsviðtöl umsjónarkennara við foreldra og barn 25. ágúst.

Nemenda- og foreldraviðtöl

Nemenda- og foreldraviðtöl voru í október og janúar. Þá voru nemendur og forráðamenn þeirra boðaðir í viðtal til umsjónarkennara. Aðrir kennarar og starfsmenn voru einnig til viðtals í skólanum þegar viðtölin fóru fram. Foreldrar mættu að venju mjög vel á þessa fundi og var mæting í október 100% og í janúar 99% sem verður að teljast frammúrskarandi góð mæting.

Opinn fundur með skólastjórnendum

Í október var haldinn opinn morgunverðarfundur með skólastjórnendum. Gaman var að sjá hve margir foreldrar sáu sér fært að koma. Góðar og skemmtilegar umræður spunnust um margvísleg málefni tengd skólanum. Við í Flataskóla kunnum svo sannarlega að meta framlag og skoðanir foreldra enda verðum við ekki betri nema með þeirra hjálp.

Skólaráð Flataskóla

Samkvæmt lögum um grunnskóla sem tóku gildi 1. júlí 2008 skal starfa skólaráð við grunnskóla. Reglugerð um störf skólaráða var gefin út í árslok 2008. Skólaráð Flataskóla var formlega stofnað haustið 2008. Í skólaráði 2014-2015 sátu Ólöf S. Sigurðardóttir skólastjóri, Árni Már Árnason kennari, Helga Sigríður Guðjónsdóttir kennari, Sigrún Guðmundsdóttir, skólaliði, Ása Tryggvadóttir, foreldri, Ólafur G. Skúlason, foreldri, Ólafur G. Sveinbjörnsson, foreldri, Borgþór Örn Þórsson, nemandi og Sandra Theodórsdóttir, nemandi. Helga María Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri sat einnig fundi skólaráðs. Skólaráð hélt fjóra fundi á skólaárinu. Á fundunum voru rædd ýmis mál og hér verða nefnd þau helstu: Skipulag skólastarfsins, starfsáætlun vetrarins, fjármál skólans, kannanir á skólastarfinu og skóladagatal. Fundargerðir skólaráðs má sjá á vef Flataskóla.

Foreldrafélag Flataskóla

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að við grunnskóla skuli starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Markmið foreldrafélagsins er að efla samstarf heimila og skólans þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda. Rannsóknir hafa sýnt að ef foreldrar eru virkir í samstarfi þá líður börnunum betur í skólanum og námsárangur þeirra eykst. Einn mikilvægasti liðurinn í starfsemi félagsins er að stuðla að öflugu bekkjarstarfi. Fulltrúar foreldra koma að félagslífi í samstarfi við kennara, bekkjarkvöldum og ferðum ásamt því að aðstoða á ýmsan hátt við stærri viðburði. Foreldrafélagið hefur milligöngu um að kosnir séu tveir bekkjarfulltrúar í hverjum bekk sem síðan hafa það hlutverk að skipuleggja og halda utan um félagsstarf bekkjarins í samvinnu við kennara.



Fjölmenni á fjáröflunarbíngói

Í stjórn foreldrafélags Flataskóla skólaárið 2014-2015 voru: Stefanía Halldórsdóttir, formaður, Guðmundur Thorlacius gjaldkeri og meðstjórnendur voru Guðrún Kristjánsdóttir, Anna Marta Ásgeirsdóttir og Helga Jóhanna Oddsdóttir.

Helstu verkefni foreldrafélagsins voru:

- Fundir með bekkjarfulltrúum
- Skólafatnaður
- Jólaföndur
- Fjölskyldubíngó – fjáröflun fyrir skíða- og vorferð nemenda
- Páskaeggjaleit í skólanum
- Fræðslufundur fyrir foreldra og nemendur í 7. bekk
- Fræðslufundur í samvinnu við Grunnstöðir



Páskaeggjaleit foreldrafélagsins

Bekkjarfulltrúar

Á námskynningarfundum í öllum bekkjum eru valdir tveir til þrír bekkjarfulltrúar fyrir hvern bekk. Bekkjarfulltrúar eru tengiliðir foreldra við kennara og annað starfsfólk skóla. Bekkjarfulltrúar aðstoði eða sjái um að kennari fái aðstoð við vettvangsferðir, skemmtanir eða önnur verkefni sem kennari óskar aðstoðar við. Bekkjarfulltrúar sjá um að koma vinahópastarfi af stað þar sem það er í gangi. Bekkjarfulltrúar eru tengiliðir foreldra innbyrðis. Þeir aðstoða foreldra í bekknum við að koma hugmyndum sínum á framfæri, hvort sem það snýr að námi og kennslu eða félagslífi. Þeir aðstoða foreldra við að samræma útivistarreglur, afmælisgjafir og ýmislegt annað er varðar almenna samræmingu í uppeldi. Þeir geta líka átt frumkvæði að skemmtunum og fræðslu fyrir nemendur bekkjarins og fjölskyldur þeirra. Bekkjarfulltrúar eru einnig tengiliðir foreldra við stjórn foreldrafélagsins. Fulltrúar eru ábyrgir fyrir að mæta á bekkjarfulltrúafundi tvisvar á vetri þar sem lagðar eru línur fyrir vetrarstarfið. Komist þeir ekki skulu þeir kalla aðra til. Þeir skulu einnig aðstoða stjórn félagsins með nefndarstörf eða önnur verkefni sem til falla.

Skólaárið 2014-2015 voru eftirfarandi bekkjarfulltrúar:

1. bekkur

- Bryndís Ólafsdóttir
- Kristín Sigríður Harðardóttir
- Karólína Stefánsdóttir
- Ester Sif Harðardóttir
- Melissa Guðlaug Haire

2. bekkur

- Ása Björg Tryggvadóttir
- Þórdís Þórðardóttir
- Svala Hilmarsdóttir

3. bekkur

- Kristjana F. Sigursteinsdóttir

4. bekkur

- Anna Marta Ásgeirsdóttir
- Soffía Ólöf Ketilsdóttir
- Björk Baldvinsdóttir
- Jón F. Þórisson
- Unnur B. Johnsen

5. bekkur

- Anna Ólöf Haraldsdóttir
- Sólrún Adda Elvarsdóttir
- Ágústa Amalía Sigurbjörnsdóttir
- Margrét Erla Björnsdóttir
- Sigrún Þorsteinsdóttir
- Bjarni Viðar Jónsson

6. bekkur

- Vilborg Grétarsdóttir
- Soffía Ólöf Ketilsdóttir
- Guðmunda Áslaug Geirsdóttir
- Guðrún Kristjánsdóttir

7. bekkur

- Gunnar Gunnarsson
- Ína Edda Þórsdóttir
- Gerður Jóelsdóttir
- Margrét Kristjánsdóttir



Útskriftarveisla 7. bekkjar

Skýrslur árganga

Skýrsla deildarstjóra í 4ra og 5 ára bekk

Nemendur:

Skólaárið 2014-2015 voru nemendur í 4 og 5 ára bekk Flataskóla 35 á haustönn en 39 eftir áramót. Haustið 2014 var fyrsta árið sem 4 ára börnum var boðin skólaganga í Flataskóla. Í bekknum voru 23 stelpur og 16 strákar. Ákveðið var að nefna þessa bekkjadeild 4 og 5 ára bekk Flataskóla í anda annarra bekkjadeilda innan skólans.

Starfsmenn:

Magnea Hafberg Sverrisdóttir var deildarstjóri í fjarveru Þóru Daggar Ómarsdóttur sem var í fæðingarorlofi. Í upphafi skólaársins voru eftirfarandi starfsmenn: auk deildarstjóra, Fanney Ófeigsdóttir íþróttakennari, sem jafnframt sá um íþróttakennsluna og Dóra Þórisdóttir leiðbeinandi. Hlynur Þór Haraldsson golfkennari/leiðbeinandi var ráðinn til starfa í lok september og Elma Dögg Birgisdóttir leiðbeinandi um miðjan nóvember. Í apríl 2015 hætti Hlynur Þór en í hans stað kom Birna Sólveig Guðmundsdóttir leikskólakennari.

Aðrir kennarar sem kenndu í árganginum voru: Jón Bjarni Pétursson tónmenntarkennari sem sá um tónmenntakennslu 3 sinnum í viku, Sveinbjörg Bergsdóttir kennari með málörvunarhópa 3 sinnum í viku, Sólveig Jóhannsdóttir starfsmaður á bókasafni, Christel Líf Ottósdóttir og Ásrún Þóra Sigurðardóttir skólaliði sem voru í afleysingum.

Meginmarkmið:

Samkvæmt lögum um leikskóla skal meginmarkmið leikskólauppeldis vera:

- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Megin árherslur:

- Brúa bilið milli leik- og grunnskóla
- Undirbúa börnin fyrir komandi grunnskólagöngu og ýta undir jákvæð kynni af skólaumhverfinu
- Aukin félagsleg færni
- Ýta undir nám barna með leik að leiðarljósi
 - Áhersla á stærðfræði og læsi
- Að læra og tileinka sér siði skólans



Kennslustofur:

Sumarið 2014 voru kennslustofur S-226, S-227 og S-224 sameinaðar með því að opna á milli kennslustofanna, þær voru málaðar og gólfefni endurnýjað að hluta. Nýtt baðherbergi var útbúið með tveimur salernum en tvö önnur salerni eru í stofunum sem einnig voru nýtt fyrir nemendur. Fatahengi voru sett upp fyrir framan stofurnar **en fatahólf eru enn ókominn**. Notaðar voru plastkassar undir aukaföt sem sett var undir bekkina til bráðabirgða. Rennihurðir voru settar upp að beiðni kennara 4 og 5 ára bekkjarins í ársbyrjun 2015. Auk kennslustofanna höfðum við aðgang að stærðfræðistofu 3 sinnum í viku, íþróttahúsi 3 sinnum í viku, tónlistarstofu 3 sinnum í viku, bókasafni og Krakkakoti.

Skóladagurinn

Boðið var upp á vistun milli 8:00- 17:00. Ekki var boðið upp á morgunmat en ávaxtastund var á hverjum morgni. Hádegismatur og nónhressing kom frá Skólamat. Í upphafi vetrar einkenndist stundarskráin af vali, leikjum og útiveru. Lögð var áhersla á að börnin fengju tækifæri til að kynnst hvert öðru, kennurum og nýju skólaumhverfi í gegnum leik. Strax í lok september varð stundarskráin markvissari og skiptist í markvissa málörvun, stund í spjaldtölvum, málrækt, stærðfræði, heimilisfræði, íþróttir og myndmennt. Bekknum var skipt niður í þrjá hópa. Hver hópur átti sína heimastofu og umsjónarkennara/leiðbeinenda. Hóparnir unnu saman í verkefnavinnu, fóru saman í tónmennt, heimilisfræði og íþróttir og voru saman í samverustundum. Lagt var ríka áherslu á einstaklingsmiðað nám þar sem geta hvers og eins var metin og fengu þau verkefni við sitt hæfi. Hádegisverður var í Krakkakoti en þar vorum við í tveimur aðskildum stofum og hópnum skipt í tvo hópa. Einnig var unnið með allan barnahópinn í senn t.d. í hópavali, hringekju, vettvangsferðum, í útiveru og í frjálsum leik.



Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf einkenndist af daglegum samskiptum, tölvupóstsendingum og skipulögðum foreldraviðtölum, eitt í upphafi skólaárs og annað í mars 2015. Í desember var boðið upp á jólakaffi þar sem foreldrum var boðið upp á kaffi, mjólk, djús og jólasmákökur sem börnin höfðu bakað sjálf. Í maí voru börnin með sameiginlega samveru Flataskóla í annað sinn en eftir samveruna var öllum foreldrum boðið í morgunkaffi að lokinni samveru. Allir komu með veitingar á sameiginlegt veisluborð. 100% mæting. Ekki voru skipaðir foreldrafulltrúar þennan vetur.

Etwinning:

Tókum þátt í samvinnuverkefni með skólasamfélaginu Etwinning sem varð 10 ára í maí. Verkefnið bar yfirskriftina „Dagur í leikskólanum“ eða „One day in Kindergarten“.



Vinabekkur:

7. bekkur Flataskóla var vinabekkurinn okkar veturinn 2014-2015. Á haustönn unnu nemendurnir vinaverkefni saman. Bekkirnir komu reglulega í heimsókn til hvors annars og voru saman í sameiginlegum ferðum skólans sem og öðrum uppákomum eins og jólaballi og öskuballi. 7. bekkjar nemendur æfðu einnig með 4 og 5 ára bekknum atriði sem þau fluttu síðar í samveru á sal.




Ferðir

- September: Haustferð Flataskóla – Guðmundarlundur
- Mars: Tónleikaferð í Hörpu - Maximús
- Apríl: Tónleikaferð í Hörpu – Dimmalimm og Svanavatnið
- Apríl: Skíðaferð
- Maí: Tónleikaferð í Hörpu – Maxímús
- 3. júní – Útskriftarferð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.
- 9. júní – Vorferð foreldrafélagsins í Flataskóla - Dagsferð með nesti í Heiðmörk

Uppákomur:

- Samvera á sal: Þrisvar í viku var samvera á sal með öllum nemendum skólans. Nemendur skólans skiptust á að vera með uppákomur fyrir samnemendur sína. 4 og 5 ára bekkurinn var tvisvar sinnum yfir veturinn með undirbúið atriði sem þau fluttu í samverunni.
- Slökkviliðið kom í heimsókn með kynningarefni fyrir barnahópinn.
- Flýgur fiskisagan – Anna Marta Ásgeirsdóttir kom með kynningu á fiski og fiskafurðum.



Samstarf við 1. Bekk – brúum bilið:

Markvisst samstarf var við 1. bekk í vetur en einu sinni í mánuði vorum við með opið á milli bekkjadeildanna þar sem börnunum var frjálst að fara á milli kennslustofanna og vinna með þann efnivið sem hver bekkjadeild bauð upp á. Á vordögum var 5 ára börnunum boðið í vorskóla þar sem kennarar 1. bekkjanna bauð upp á skólamiðuð verkefni.



Sumarið 2014

Í byrjun mars voru foreldrar beðnir um að skila inn óskum um sumarleyfi barna þeirra. Öll börn á leikskólaaldri þurfa að taka 4 vikur samfleytt í sumarleyfi. Sumarleyfi barnanna dreifðist þannig að ekki var hægt að loka hluta sumars eins og árið áður. Opið verður því í allt sumar. Tveir sumarafleysingarstarfsmenn voru ráðnar til okkar einn 8. júní en hinn 22. júní.

Mat á vetrinum

Skólagangan hófst með viðtali með foreldrum og nemenda. Daginn eftir hófst síðan hópaðlögungun sem gekk mjög vel. Bekkurinn samanstóð af dugmiklum ákveðnum ungum einstaklingum sem þurftu gott utanumhald. Allt skipulag bekkjarins var í stöðugri þróun þennan vetur. Stundartaflan var breytt, bætt og endurskipulögð



reglulega eftir þörfum barnahópsins bæði varðandi almennt skipulag sem og niðurröðun barna í hópanna. Verkefnavinna með börnunum var fjölbreytt en lestrar- og stærðfræðikennsla var gerð góð skil. Mörg barnanna jafnt 4 sem 5 ára voru orðin læs eftir veturinn. Skólarárið 2014-2015 var skemmtilegt, fjölbreytt og uppbyggilegt. Börnin tóku miklum framförum jafnt félagslega sem og í alhliða þroska.

Samvinna við talmeinafræðing, sálfræðing og sérkennslufulltrúa frá Sérfræðiþjónusta skóladeildar Fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar var afar gott. Góður stuðningur og viðbót við allt það fagfólk sem við höfðum aðgang að hér í Flataskóla.

Foreldrasamstarf var mjög gott. Upplýsingaflæði til foreldra var gott sem og öll samskipti milli foreldrar að starfsmanna.

Allt samstarf innan starfsmannahópsins einkenndist af virðingu, hlýju og gagnkvæmu trausti. Mikil starfsgleði ríkti innan starfsmannahópsins sem skilaði sér í metnaðarfullu og góðu starfi með börnunum.

Magnea Hafberg Sverrisdóttir, deildarstjóri 4ra og 5 ára bekk

Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk

Nemendur í 1. bekk voru alls 42 í tveimur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Ágústa Amalía Sigurbjörnsdóttir og Margrét Ásdís Haraldsdóttir. Aðrir kennarar sem kenndu í árganginum voru: Árni Már Árnason smíði, Guðlaug Einarsdóttir sérkennsla, Gunnlaugur H. Elsuson íþróttir, Helga Sigríður Guðjónsdóttir heimilisfræði, Íris Indriðadóttir íþróttir og stærðfræðistofa, Jón Bjarni Pétursson íþróttir og tónmennt, Linda Þorvaldsdóttir myndmennt og gjörhygli/lífsleikni, Margrét Indíana Guðmundsdóttir textílmennt og Sveinbjörg Bergsdóttir sérkennsla. Kennt var í stofum S-218 og S-220.



Kennslustundir

Nemendur fengu alls 32,5 kennslustundir sem skiptust í íslensku, stærðfræði, kristinfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, gjörhygli, lífsleikni, íþróttir, sund, textílmennt, tónmennt, samsöng á sal, smíði og heimilisfræði.

Helstu áherslur árgangsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins var að:

- leggja grunn að góðri skólafærni
- auka félagsfærni nemenda
- nemendur þekktu og tileinkuðu sér siði skólans
- nemendur þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum
- þjálfra hljóð- og málvitund nemenda
- kynna fyrir nemendum heiti og hljóð allra bókstafa
- efla og styrkja talnaskilning með fjölbreyttri talnavinnu



Skipulag kennslunnar

Mikil samkenndsla var í 1. bekk og var unnið með hópinn sem eina heild. Reynt var að hafa skipulag kennslunnar fjölbreytt og áhersla var lögð á hlutbundna kenndslu og uppgötvunarnám. Komið var til móts við getu nemenda í lestri og stærðfræði. Áhersla var lögð á hreyfingu og hófu nemendur alla daga á hreyfingu ýmist í sundi, íþróttum eða í hreyfileikjum.

Foreldrasamstarf

Foreldrafulltrúar árgangsins voru fimm og var samstarf mjög gott. Á haustönn var morgunkaffi þar sem foreldrar komu með veitingar á sameiginlegt hlaðborð og kynntu sér vinnu barna sinna. Í desember fóru nemendur í kaffihúsaferð í boði foreldra. Á vorönn skipulögðu foreldrafulltrúar spilakvöld með „Spilavinum“ auk þess sem allir komu með góðgæti á sameiginlegt hlaðborð. Þegar nemendur voru með morgunsamveru var foreldrum boðið í skólann. Farin var vorferð í Heiðmörk og grillað og foreldrar skipulögðu leiki.

Ferðir

- Stuttar ferðir í nágrenni skólans s.s. á leikvelli, í hraunið og fjöruna
- Skólahópar á Bæjarbóli og Kirkjubóli heimsóttir
- Skíðaferð í Bláfjöll
- Ævintýraferð í hrauninu
- Sjálandsskóli – leiksýning
- Ylströndin í Garðabæ
- Vorferð Flataskóla

Verkefni árgangsins

Eftirfarandi verkefni voru unnin í vetur:

- Haustið
- Umhverfið
- Húsdýrin
- Fiðrildaverkefni
- Hringjabók
- Fjölskyldan
- 100 daga hátíð
- Jól
- Páskar
- Hringekjur (stærðfræði/íslenska)
- Enska (leikir og söngvar)



Ástundun nemenda

- Veikindadagar samtals í árganginum voru 240 dagar
- Leyfisveitingar voru 139 dagar og 3 stundir
- Fjarvistir voru 1 dagur

Námsmat

Fyrirkomulag námsmats var þannig háttað:

- Stafakunnátta könnuð að hausti
- Leið til læsis lagt fyrir í október
- Sjónrænn orðaforði kannaður í október, janúar og maí
- Hraðlestrarpróf/stafakönnun í janúar og maí
- Vorpróf í stærðfræði lagt fyrir í maí

Mat á vetrinum

Veturinn hefur gengið vel. Litið var á hópinn sem eina heild og öll verkefni unnin í sameiningu. Opnað var á milli stofa og reyndist það afar vel. Hópurinn er nokkuð fjölmennur en kennsla og samvinna hefur gengið vel.

Ágústa Amalía Sigurbjörnsdóttir og Margrét Ásdís Haraldsdóttir, umsjónarkennarar.



Nemendur í 1. bekk

Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk

Nemendur í 2. bekk voru alls 37 í tveimur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Margrét Tómasdóttir og Svanhvít Guðbjartsdóttir. Aðrir kennarar sem kenndu í árganginum voru Margrét Indíana Guðmundsdóttir sem kenndi textílmennt, Árni Már Árnason smíði, Linda Þorvaldsdóttir myndmennt og jóga, Helga Sigríður Guðjónsdóttir heimilisfræði, Jón Bjarni Pétursson tónmennt. Jón Bjarni Pétursson kenndi auk þess íþróttir ásamt Lindu Þorvaldsdóttur. Íris Indriðadóttir sá um kennslu í stærðfræðistofu auk þess að sjá um sundkennslu ásamt Guðlaugi H. Elsusyni. Guðlaug Einarsdóttir sá um sérkennslu árgangsins ásamt Sveinbjörgu Bergsdóttur og Olga G. Snorradóttir sá um nýbúakennslu. Kennt var í stofum A-202 og A-206.



Kennslustundir

Nemendur fengu alls 32,5 kennslustundir á viku sem skiptust í íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, ensku, lífsleikni, íþróttir, sund, textílmennt, tölvur, tónmennt, myndmennt, heimilisfræði og smíði.

Helstu áherslur árgangsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins var að vinna með lestur s.s. með PALS, lesskilning og stafsetningu. Auk þess var lögð áhersla á að nemendur öðluðust meiri færni í stærðfræði þar sem hver fékk að vinna á sínum hraða. Reynt var að styrkja sjálfstæð og góð vinnubrögð og auka félagslega færni. Bekkirnir unnu mikið saman að ýmsum verkefnum þar sem litið hefur verið á hópinn sem eina heild frá upphafi skólagöngu. Hreyfing og útvera var efld til muna til að koma til móts við hreyfipörf barnanna.

Skipulag kennslunnar

Flestir morgnar byrjuðu á einhverskonar hreyfingu s.s íþróttum, sundi eða hreyfileikjum með umsjónarkennara. Í miðlotunni var unnið í íslensku, stærðfræði og samfélagsgreinum. Enskukennsla og bekkjarfundir voru vikulega. Útikennsla var yfirleitt einu sinni í viku þar sem verkefnin voru tengd við aðrar námsgreinar. Góð samvinna var við 3. bekk en vikulega hittust árangarnir í vali auk þess sem unnið var sameiginlegt þema um hafið.

Foreldrasamstarf

Foreldrafulltrúar árgangsins voru fjórir og var samstarf við þá gott. Haldið var bekkjarkvöld í desember þar sem voru skreyttar piparkökur og farið í pakkaleik. Foreldrum var einnig boðið á jólasýningu þar sem nemendur sýndu leikritið „Jólasveinalíf“ sem var svo sýnt á jólaskemmtun skólans. Þrisvar yfir skólaárið sáu nemendur í 2. bekk um skemmtiatriði í samveru á sal og komu margir foreldrar á þær sýningar.

Ferðir

Sept.:

Sjóminjasafnið

Fjöruferð

Okt.:

Harpa – Ástarsaga í fjöllumum

Des.:

Jólaþorpið í Hafnarfirði

Jan.:

Sleðaferð

Feb.:

Alþingishúsið

Mars:

Sýningin Þrautir og gátur í Smáralind

Leikrit í Sjálandsskóla

Apríl:

Skíðaferð í Bláfjöll

Harpa – Dimmalinn og Svanavatnið

Mái:

Skoðunarferð til Reykjavíkur

Júní:

Hjólaferð

Nestisferð í hraunið

Vorferð foreldrafélagsins



Ástundun nemenda

Veikindadagar voru samtals: 92 dagar og 2 stundir.

Leyfisveitingar voru samtals: 64 dagar og 1 stund.

Seinkomur voru samtals: 34 stundir.

Námsmat

Fyrirkomulag námsmats var þannig háttað:

Leið til læsis B1 og B2, sjónrænn orðaforði var lagt fyrir í september, janúar og maí



Lestrarpróf lagt fyrir af umsjónarkennara í september, nóvember, apríl og maí.

Stafsetning var metin í janúar og maí.

Stærðfræðikannanir voru lagðar fyrir eftir hvern kafla í Sprota og lokapróf úr Sprota 2A í janúar og 2B í maí.

Mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk vel. Framfarir í lestri mjög voru góðar. Nemendur efdust í námi og félagslegum þroska eftir því sem leið á veturinn. Samvinna var mikil á milli hópa og reynt var að koma til móts við þarfir og getu allra nemenda. Foreldrasamstarf var mjög gott.

Margrét Tómasdóttir og Svanhvít Guðbjartsdóttir, umsjónarkennarar.



Nemendur í 2. bekk saman í Heiðmörk

Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk

Nemendur í 3. bekk voru 40 í tveimur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Elín Ása Þorsteinsdóttir og Ragna Gunnarsdóttir. Aðrir kennarar sem kenndu í árganginum voru: Íris Indriðadóttir, Gunnlaugur Elsuson og Jón Bjarni Pétursson sem kenndu íþróttir og sund, Árni Már Árnason kenndi smíði/hönnun, Margrét Indíana Guðmundsdóttir kenndi textílmennt, Jón Bjarni Pétursson kenndi tónmennt, Linda Þorvaldsdóttir kenndi myndmennt og Helga Sigríður Guðjónsdóttir kenndi heimilisfræði. Kennt var í stofum A-204 og A-208.

Kennslustundir

Nemendur fengu alls 32,5 kennslustundir á viku sem skiptust í íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, íþróttir, sund, textílmennt, myndmennt, upplýsingatækni, tónmennt, morgunsöng, gjörhygli, ensku og heimilisfræði.

Helstu áherslur árgangsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins var að auka færni nemenda í lestri og lesskilningi. Áhersla var lögð á að nemendur öðluðust meiri leikni í stærðfræði og unnið markvisst með helstu reikniaðgerðirnar. Unnið var með félagslegan þroska á margvíslegan hátt og ávallt litið á árganginn sem einn hóp.

Þemaverkefni árgangsins

Þemaverkefni vetrarins voru eftirfarandi: e-Twinning verkefni um Hrekkjavöku, verkefni um Himingeiminn, Kisulandið/Eyjaverkefni ásamt verkefni um húsdýrin. Þemaverkefnin heppnuðust vel og lauk eyjaverkefninu með hátíð þar sem foreldrar og ættingjar komu á sýningu sem nemendur settu upp.



Skipulag kennslunnar

Skipulag kennslunnar var fjölbreytt og unnið var með hópinn sem eina heild. Kennsluhættir voru fjölbreyttir og hópnum oft skipt upp eftir því hvernig verkefni voru unnin hverju sinni. Nemendur unnu hvort heldur sem var innan skólastofunnar, frammi á gangi eða utandyra. Þeir völdu sér oftast stað sem þeir töldu ákjósanlegan fyrir sína vinnu en fengu einnig fyrirmæli um hvar mætti vinna hverju sinni. Sérstakt hvatningakerfi var sett upp fyrir árganginn varðandi heimalestur og hafði það mikið að segja um hve oft nemendur lásu heima.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf og samstarf heimila og skóla gekk mjög vel á öllum sviðum. Foreldrafulltrúar árgangsins voru 6, þeir héldu mjög skemmtilega Hrekkjavökuskemmtun fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra.



Ferðir

Ekki var farið í margar ferðir þetta árið en þær helstu sem farið var í voru Skíðaferð í Bláfjöll, hjólaferð um Garðabæ, ferð í Hellisgerði og Húsdýragarðurinn var heimsóttur. Einnig var farið í ferðir í nágrenni skólans. Í haust fóru nemendur í Guðmundarlund og vorferðin var gönguferð í Búrfellsgjá.

Ástundun nemenda

Veikindadagar samtals í árganginum voru 170 dagar og 17 stundir.

Leyfisveitingar voru 82 dagar og 49 stundir.

Sein komur voru 73 stundir og fjarvistir 1 dagur og 19 stundir.

Námsmat

Á haustönn voru nemendur lestrarprófaðir tvisvar sinnum og þeir tóku einnig lesskilningspróf. Nemendur tóku málfræðipróf, stafsetningarpróf og stærðfræðipróf ásamt því að taka reglulega kaflapróf úr stærðfræðinámsefninu.

Vorönnin var með svipuðu sniði og haustönnin.

Símat var vissulega viðhaft og haft var samband heim ef þurfti aukið samstarf heimilis og skóla til að ná einhverjum þáttum betur og gekk það mjög vel.

Mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk mjög vel. Hópurinn vann vel og var stöðugt tilbúinn í ný og krefjandi verkefni. Nemendur unnu vel og lögðu sig fram og uppskáru í samræmi við það. Samstarf kennaranna var gott og ávallt litið á árganginn sem einn hóp og unnið með hann sem slíkan. Hópurinn tók miklum framförum í vetur bæði í hegðun og vinnusemi og framfarir voru almennt góðar.



Elín Ása Þorsteinsdóttir og Ragna Gunnarsdóttir, umsjónarkennarar.

Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk

Nemendur í 4. bekk voru alls 50 í tveimur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Auður Gunnarsdóttir og Erna Þorleifsdóttir. Aðrir kennarar sem kenndu í árganginum voru: Bryndís Rut Stefánsdóttir, Margrét Indíana Guðmundsdóttir textílmennt, Linda Þorvaldsdóttir myndmennt, Árni Már Árnason smíðar, Gunnlaugur Elsuson og Íris Indriðadóttir sund og íþróttir, Helga Sigríður Guðjónsdóttir heimilisfræði, Jón Bjarni Pétursson tónmennt, Ásta Bára Jónsdóttir námsráðgjafi, Helga Melsteð sérkennsla og Sveinbjörg Bergsdóttir. Kennt var í stofum N-117 og N-119

Kennslustundir

Nemendur fengu alls 32,5 kennslustundir á viku sem skiptust í: íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, ensku, leikræna tjáningu/gjörhygli, íþróttir, sund, smíði, tölvur, lífsleikni, heimilisfræði, textíl og myndmennt.

Helstu áherslur árgangsins

Mikið var lagt upp úr því að allir nemendur fengu nám við hæfi og námsefni einstaklingsmiðað. Samvinna í 4. bekk var mikil enda ávallt litið á hópinn sem eina heild. Áhersla var lögð á gott samstarf heimila og skóla en það stuðlar að bættri líðan og betri árangri í námi.



Þemaverkefni árgangsins

Unnið í blönduðum hópum að ýmsum verkefnum svo sem: verkefni um hringrásina, fiska, eldgos, Litlu landnemarnir, barnasáttmálin-fjölskyldan og verkefni um vináttu. Árgangurinn tók þátt í þremur

eTwinning verkefnum; Evrópsku keðjunni,

Schoolovision og skólablaðið.

Skipulag kennslunnar

Það voru tveir umsjónahópar en hópunum var mikið blandað í hinum ýmsu verkefnum og voru nemendur í hringekjum a.m.k. einu sinni í viku. Nemendur voru líka í blönduðum hópum í list- og verkgreinum og í öllum þemaverkefnum var nemendur skipt þvert á árganginn.

Foreldrasamstarf

Samstarf heimila og skóla hefur verið mjög gott. Bekkjarkvöld var haldið í október „Hrekkjavökuhátíð“ og í maí var foreldrum boðið á Litlu upplestrarhátíðina þar sem nemendur lásu upp sögur og ljóð.





Ferðir

Farið var í Guðmundarlund, jólaþjósaferð til Hafnarfjarðar og komið við á kaffihúsi, Hellisgerði að vori og hausti, hraunið, gönguferðir um nágrenni skólans, vorferð í Búrfellsgjá í boði foreldrafélagsins, ylströndina og farið í skíðaferð í Bláfjöll. Gönguferð í Ikea og Vífilsstaðatún.

Ástundun nemenda

- Veikindadagar samtals í árganginum voru 245 dagar og 23 stundir
 - Leyfisveitingar voru samtals 193 dagar og 44 stundir
- Seinkomur voru samtals 142 stundir



Námsmat

Hefðbundið námsmat tvisvar á árinu þ.e. miðsvetrarpróf og vorpróf. Sjálfsmat nemenda eftir hópastarf og símat. Nemendur tóku kaflapróf í stærðfræði jafnt og þétt yfir veturinn og einnig voru stafsetningarkannanir lagðar fyrir reglulega.

Mat á vetrinum

Veturinn gekk vel og nemendur stóðu sig með ágætum og flestir sýndu náminu áhuga og tóku framförum. Hópurinn hefur í heild tekið góðum framförum í félagslegum samskiptum.

Auður Gunnarsdóttir og Erna Þorleifsdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk

Nemendur í 5. AH, 5.GR og 5. HF bekk voru 68 í byrjun en enduðu í 71 nemanda. Umsjónarkennarar voru Anna Lena Halldórsdóttir, Guðríður Rail og Hanna Friðriksdóttir. Aðrir kennarar sem kenndu í árganginum voru: Linda Þorvaldsdóttir myndmennt, Margrét Indíana Guðmundsdóttir textílmennt, Jón Bjarni Pétursson tónmennt, Árni Már Árnason smíði/hönnun og Gunnlaugur Elsuson og Íris Indriðadóttir íþróttir og sund. Kennt var í stofum V-103 og V-105 og V-107

Kennslustundir

Nemendur fengu alls 35 kennslustundir á viku sem skiptust í íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, íþróttir, sund, textílmennt, myndmennt, smíði, tölvur, tónmennt og heimilisfræði.

Helstu áherslur árgangsins

Meginmarkmið vetrarins var að auka lestrarhæfni, lesskilning og auka sjálfstæði í vinnubrögðum. Mikil áhersla var lögð á samvinnu hópsins. Nemendur unnu verkefni þvert á árganginn í samfélagsfræði, íslensku og fleiri verkefnum. Unnið var með félagslegan þroska á margvíslegan hátt. Samstarf heimils og skóli var gott. Pals var bæði fyrir og eftir áramót.



Skipulag kennslunnar

Skipulag kennslunnar og kennsluhættir voru fjölbreyttir. Byrjað var á greinakenndu en gekk það ekki nógu vel. Tekin var ákvörðun um að umsjónarkennari kenndi sínum bekk allar námsgreinar. Fyrir áramót var námstengt val þvert á árganginn einu sinni í viku. Eftir áramót var hringekja annars vegar í íslensku og hins vegar í samfélagsfræði.

Ensku kennslan var færnimiðuð eftir áramót og gekk það mjög vel.



Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf og samstarf heimila og skóla gekk mjög vel á öllum sviðum. Foreldrafulltrúar árgangsins voru 6. Á haustönn var eitt bekkjarkvöld þar sem spilavinir komu og tóku þátt og kenndu.

Ferðir:

- Útileikjadagur á Klambratúni
- Fórum í Hellisgerði í Hafnarfirði.
- Þjóðminjasafnið
- Landnámssetrið 871 +-2
- Skíðaferð í Bláfjöll
- Guðmundarlundur
- Hönnunarsafnið í Garðabæ
- Vorferð
- Háskólabrú Keilir
- Prentsmiðjan Oddi
- Kjarvalsstaðir
- Nauthólsvík
- Búrfellsgjá



Ástundun nemenda

Veikindadagar í árganginum voru samtals 188 dagar og 48 stundir. Leyfisveitingar voru 67 dagar og 109 stundir. Seinkomur voru 8 dagar og 91 stund og fjarvistir 2 dagar og 10 stundir.

Námsmat

Nemendur voru lestrarprófaðir á haustönn og einu sinni á vorönn. Auk þess voru nemendur sem voru undir 8 í lestrareinkunn prófaðir aftur á vorönn. Nemendur tóku samræmt lesskilninspróf á hvorri önn. Stafsetningarpróf voru tekin reglulega, kaflapróf úr Stiku, kaflapróf í ensku, bókmenntapróf og málfræðipróf. Hefðbundin annarpróf í lok haust- og vorannar.

Mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk vel. Hópurinn vann almennt vel og var stöðugt tilbúinn í ný og krefjandi verkefni, hvort sem um ræddi einstaklings- eða hópverkefni. Nemendahópurinn stækkaði töluvert og þeir nemendur sem bættust við féllu mjög vel inn í hópinn.

Anna Lena Halldórsdóttir, Guðríður B. Rall og Heiðveig Hanna Friðriksdóttir

Skýrsla nýsköpunarkennsla 5. bekk

Kennslustundir

Námskeiðið var kennt í 6 vikna lotum, samtals 12 klst. Anna Lena og Hanna kenndu heilar lotur til skiptis að undanskilinni fyrstu lotunni þar sem þær kenndu saman og nutu aðstoðar frá Þóru Óskarsdóttur.

Helstu áherslur/meginmarkmið

Að fara með nemendum í gegnum ferlið þörf – lausn – afurð. Að kenna nemendum að virða hugmyndir sínar, að hugmyndir þeirra séu mikilvægar og að vera vakandi fyrir að leita lausna við þeim hindrunum sem verða á vegi þeirra á lífsleiðinni.

Námsmat

Ekkert formlegt námsmat var unnið. Mikilvægt er að áhersla sé lögð á ferlið en ekki niðurstöðuna. Hægt væri að gera námsmat með því að nýta eyðublöð frá Rósu Guðmundsdóttur sem matstæki.

Mat á vetrinum

Verkefnið gekk vel. Nemendur voru almennt jákvæðir gagnvart verkefninu og að okkar mati ætti að halda áfram að þróa nýsköpun í Flataskóla.

Nýsköpun er líka frábær leið til að nýta tæknina, efla samvinnu og draga fram mismunandi hæfileika hvers og eins. Þegar nemendur hafa náð tökum á hugsuninni þörf – lausn – afurð er svo auðveldlega hægt að færa ferlið yfir á aðrar námsgreinar.

Anna Lena Halldórsdóttir og Heiðveig Hanna Friðriksdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk

Nemendur í 6. bekk voru alls 50 í tveimur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Hafþór Þorleifsson og Kristín Ósk Þorleifsdóttir. Efir páska bætist Bryndís Rut Stefánsdóttir við sem þriðji kennari til aðstoðar. Aðrir kennarar sem kenndu í árganginum voru: Helga Sigríður Guðjónsdóttir sem kenndi heimilisfræði, Linda Þorvaldsdóttir kenndi myndmennt, Margét Indíana kenndi textílmennt, Árni Már Árnason kenndi smíði. Íris Indriðadóttir og Gunnlaugur Elsuson kenndu íþróttir en um sunnið sá Gunnlaugur, Jón Bjarni og Íris. Jón Bjarni kenndi tónmennt. Ensku- og tölvukennsla var í höndum Hafþórs. Íslenskukennsla var að mestu í höndum Kristínar. Elín Guðmundsdóttir var með stærðfræðistofu. Helga Melsteð sá um sérkennslu hjá 6. bekk en Olga Snorradóttir kom í stærðfræðitíma þrisvar í viku frá október fram í mars. Kennt var í stofum N-215, N-217 og N-219.

Kennslustundir

Nemendur fengu alls 35 kennslustundir sem skiptust í íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, ensku, lífsleikni, íþróttir, sund, útikennslu, morgunsamveru, tónmennt, textílmennt, myndmennt, tölvur og heimilisfræði.

Helstu áherslur árgangsins

Að efla nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og að bera ábyrgð á námi sínu. Að nemendur sýni frumkvæði og metnað í öllum verkefnum sem þeir taka sér fyrir hendur, jákvæðu hugarfari og að geta unnið í hópum með hverjum sem er. Að nemendum líði vel í leik og starfi og að hver og einn fái námsefni við hæfi. Einnig var eitt af markmiðum vetrarins að samþætta námsgreinar á sem fjölbreyttastan hátt samanber Norðurlandaverkefnið og Benjamín dúfu. Einnig tókum við þátt í E-Twinning verkefni með Kelduskóla þar sem nemendur lásu bókina Draugaslóð.



Þemaverkefni árgangsins

Lífsleikni- ég er bara ég.

Norðurlöndin.

Benjamín Dúfa-kjörbókaritgerð.

Náttúrufræði-Fengum 3 vísindamenn í heimsókn.

Útikennla- íslenska/stærðfræði/náttúrufræði og lífsleikni.

Skipulag kennslunnar

Umsjónarkennarar árgangsins sáu um kennslu íslensku, stærðfræði og samfélagsfræði og gekk það mjög vel. Hóparnir voru ýmist hjá sínum umsjónarkennara eða skipt í hópa þvert á árganginn eftir verkefnum hverju sinni samanber Norðurlandaverkefnið.

Þegar Bryndís Rut kom til starfa varð

stærðfræðikennslan færnimiðuð og kennt í þremur hópum. Það gafst mjög vel.

Við erum mjög ánægð með bókina Vandamálið- verkefnabók sem aðalbók og var hún nýtt í allan vetur.

Á vorönn notuðum við einnig Málrækt 2 sem aukabók.

Við lásum Benjamín dúfu eftir áramót. Nemendur lásu bókina í hljóðlestri í kennslustundum og svöruðu síðan spurningum eftir hvern kafla einstaklingslega. Krakkarnir skrifuðu kjörbókaritgerð um Benjamín Dúfu. Fórum í lestarátak og einnig tókum við Pals.

Í stærðfræði tókum við Stiku 2a fyrir jól og Stiku 2b í lok janúar. Við tókum kaflapróf eftir hvern kafla. Stórt lokapróf að vori.

Í samfélagsfræði tókum við Snorra Sturluson fyrir jól. Nemendur gerðu litla vinnubók og telituðu blöð og unnu ákveðin verkefni í bókina. Við fórum á Sögusafnið sem kveikju í þessu verkefni og það var frábært að fara þangað. Nemendur bjuggu einnig til myndbönd í I-movie. Þeim var skipt upp í hópa og hver hópur tók einn kafla og kvikmyndaði. Tókst mjög vel. Foreldrum boðið í morgunsamveru að skoða afraksturinn.

Norðurlöndin unnum við í hópavinnu að vori. Nemendur gerðu vinnubók og harmónikku og tóku fyrir helstu atriði hjá hverju landi s.s. höfuðborg og hvernig fáninn lítur út. Þau bjuggu til kynningarbækling um hvert land fyrir sig og leituðu upplýsinga á netinu um flug, húsnæði og bílaleigubíl o.s.frv. Bjuggu til ferðapakka og settu upp landkynningarbás fyrir foreldrum og buðu upp á veitingar frá hverju landi fyrir sig. Það tókst mjög vel til.

Í náttúrufræði var bókinn Maðurinn – Hugur og heilsa – Fyrir jól tókum við bókina Maðurinn, hugur og heilsa og nemendur unnu verkefni í vinnubókina samhliða lesbókinni. Við notuðum myndbönd sem ítarefni. Nemendur teiknuðu mannslíkamann, líffæri, beinagrind og svo framvegis. Eftir áramót var svo unnið með Auðvitað (bláu). Stjörnufræðiverkefni í tengslum við Stjörnuverið sem við fórum í við mikla ánægju. Við fengum nokkra vísindamenn í heimsókn og vöktu þeir mikla hrifningu. Þetta var allt í samráði við Kolbrúnu tölvuráðgjafa.

Lífsleikni - við unnum skemmtilegt lífsleikniverkefni út frá bókinni Ég er bara ég. Nemendum var skipt í hópa og hver hópur tók fyrir vandamál til að leysa og gerðu kynningar og veggspjöld. Við fórum einnig í eineltisumræðu reglulega í vetur. Hjúkrunarfræðingurinn kom og kynnti þeim kynfræðslu.



Upplýsingatækni, nemendur gerðu heimasíðu í weebly forritið, settu inn myndir, myndbönd og ýmsar aðrar upplýsingar. Unnu í ýmsu forritun eins og Comic life, word, Typing Master, excel, kahoot ofl.

Foreldrasamstarf

- Kynningarfundur haldinn í september fyrir foreldra þar sem var farið var yfir verkefni vetrarins.
- Foreldraviðtöl voru í október / janúar.
- Foreldrum boðið að sjá afrakstur vinnu um Snorra Sturluson í morgunkaffi og Norðurlöndin seinni partinn.

Ferðir

- Berjamó út í hrauni
- Sögusafnið í tengslum við Snorra Sturluson
- Kjarvalsstaðir
- Stjörnuverið – í tengslum við Pláneturnar
- Skálaferð í Bláfjöll – gisting í eina nótt
- Skíðaferð í Bláfjöll
- Hellisgerði
- Klambratún

Ástundun nemenda

- Veikindadagar: 195 dagar og 18 stundir.
- Fjarvistir: 53 stundir.
- Leyfi: 88 dagar og 81 stund.
- Seinkomur: 5 dagar 78 stundir.

Námsmat

Nemendur tóku próf jafnt og þétt yfir veturinn og var reynt að hafa námsmatið fjölbreytt. Einnig voru metin vinnubrögð, skapandi hugsun, frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, þátttaka í hópavinnu, vinnubækur, heimavinna og verkefnaöppur.

Mat á vetrinum

Meðaltal einkunna í árganginum:

Janúar	Meðaleinkunn	Maí	Meðaleinkunn
Íslenska	9,02	Íslenska	8,32
Lestur	8,33	Lestur	8,3
Stærðfræði	8,81	Stærðfræði	8,13



Mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk vel. Nemendahópurinn er einstaklega góður og vann almennt vel saman. Ekki var mikið um árekstra í hópnum. Stundataflan hefði mátt vera betri, sumar lotur of langar en aðrar of stuttar og þær stuttu nýttust mjög illa.

Hafþór Þorleifsson, Kristín Ósk Þorleifsdóttir umsjónarkennarar og Bryndís Rut Stefánsdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk

Nemendur í 7. bekk voru alls 56 í þremur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Hanna Lóa Friðjónsdóttir, Rakel Svansdóttir og Þórhildur Helga Þorleifsdóttir. Aðrir kennarar sem kenndu í árganginum voru: Margrét Elín Guðmundsdóttir, Gunnlaugur H. Elsuson, Íris Indriðadóttir, Linda Þorvaldsdóttir, Margrét Indíana Guðmundsdóttir, Árni Már Árnason, Helga Melsteð, Helga Sigríður Guðjónsdóttir og Jón Bjarni Pétursson. Kennt var í stofum V-203, V-205 og V-207.

Kennslustundir

Nemendur fengu alls 35 kennslustundir á viku sem skiptust í íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, ensku, dönsku, lífsleikni, íþróttir, sund, gjörhygli, textílmennt, myndmennt, upplýsingatækni og heimilisfræði.

Helstu áherslur árgangsins

Að styrkja og styðja alla nemendur í námi. Áhersla var á að allir fengju nám og námsefni við hæfi. Einnig var mikið hópefli og félagsstarf og áhersla á að hópurinn upplifði sig sem eina heild og var því mikil samvinna milli umsjónarhópa. Nemendum var oft skipt þvert á árganginn í ýmiskonar hópavinnu

og kennarar voru með sameiginlega ábyrgð á árganginum, deildu ábyrgð á kennslu, undirbúningi og framkvæmd og því hægt að tala um teymiskennslu.

Þemaverkefni árgangsins

Vífilstaðaverkefni

Þemaverkefni um Evrópu

Þemaverkefni í sögu – Miðalda fólk á ferð

Þemaverkefni – Hvað kosta jólin ?

E-twinning póstkort frá Evrópu

Fyrirbæri úr náttúrunni

Vorstígur

Eldgos



Skipulag kennslunnar

Umsjónarkennarar kenndu allar bóklegar greinar fyrir utan dönsku. Umsjónarkennarar skiptu með sér undirbúningi og oft kennslu í stærðfræði, íslensku og ensku. Unnið var með allan árganginn í stöðvavinnu í þessum fögum og einnig í vinnustofum þar sem nemendur gerðu sér áætlun í samvinnu við kennara. Náttúrufræði og samfélagsfræði var kennd í þemum þar sem allir kennarar komu að skipulagi. Í list- og verkgreinum var hópnum skipt upp þvert á árganginn og unnið í hringekju.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarfið var nokkuð gott og hittist árgangurinn nokkrum sinnum innan sem utan skóla. Foreldrar hjálpuðu til við árshátíðina.

Ferðir

Þrjár ferðir að Vífilstaðavatni, farið í 365 miðla, ferð í Skólabúðirnar að Reykjum, farið á Smáþjóðaleikana, farið í Þjóðminjasafnið, sundferð í Álfanesundlaug. Haustferð í Guðmundarlund, hrekkjavökuball á Álfanesi, skíðaferð í Bláfjöll og vorferð í Búrfellsgjá.



Ástundun nemenda

- Veikindadagar samtals í árganginum voru 312 dagar og 43 stundir
- Leyfisveitingar voru samtals 135 dagar og 105 stundir
- Seinkomur voru samtals 9 dagar og 160 stundir

- Fjarvistir voru 5 samtals 5 dagar og 44 stundir

Námsmat

Nemendur tóku próf og unnu verkefni jafnt og þétt yfir skólaárið í íslensku, stærðfræði, ensku, náttúrufræði og samfélagsfræði og var því um símat að ræða í öllum þessum námsgreinum. Námsmatið byggir á könnunum, prófum, kennaramati, jafningjamati og sjálfsmati.

Mat á vetrinum

Skólastarfið gekk mjög vel og gaman að þróa kennsluhætti í teymisvinnu. Nemendur tóku mjög miklum framförum í samvinnu og samstarfi. Þeir voru virkir og vinnusamir í alla staði. Nemendur voru áhuga- og kappsamir. Mikið var um að vera í félagslífi nemenda sem nemendur voru duglegir að skipuleggja sjálfir undir leiðsögn kennara. Nemendahópurinn var einstaklega duglegur í vinasamskiptum við 4 og 5 ára og einnig voru þau afar hjálpsöm við yngri nemendur skólans.

Hanna Lóa, Rakel og Þórhildur Helga umsjónarkennarar



Skýrsla um sérkennslu

Með sérkennslu er átt við stuðningskennslu eða sérkennslu sem fram fer hjá sérkennara eða kennara. Þar er unnið með afmarkaða námsþætti og/eða námsþætti árgangs í fámennum hópi eða einstaklingslega inni í heimastofu eða í öðru rými. Alls nutu 102 nemendur (29%) Flataskóla slíkrar kennslu.

Þeir kennarar sem kenndu sérkennslu í vetur voru: Guðlaug Einarsdóttir, sérkennari sem sá um sérkennslu í 1. - 3. bekk fyrir áramót, Sveinbjörg Bergsdóttir, kennari sem sá um sérkennslu í 1. - 3. bekk eftir áramót, Halla R. Guðmundsdóttir, kennari sem var með stuðningskennslu í ágúst - október í 1. bekk, Helga Melsteð, sérkennari sem sá um kennslu í 4. - 7. bekk, Helga Sigríður Guðjónsdóttir, stuðningskennari í 5. bekk eftir áramót, Olga Guðrún Snorraddóttir, kennari sem var með sérkennslu í 5, 6, og 7. bekk auk þess að kenna íslensku sem annað tungumál í öllum árgöngum. Gyða Guðmundsdóttir, talmeinafræðingur sá um talkennslu og lagði fyrir málþroska- og framburðarpróf. Stuðningsfulltrúar voru Sigurbjörg Helena Jónasdóttir, Guðný Ingunn Aradóttir, Marvin Valdimarsson og Steinunn Sif Jónsdóttir.

Skipulag

Deildarstjóri sérkennslu hafði yfirumsjón með sérkennslu sem felst m. a. í:

- Umsjón á skipulagi sérkennslunnar innan skólans
- Aðstoð og ráðgjöf við kennara
- Að fylgjast með gengi nemenda í sérkennslu
- Umsjón og stuðningi við starf stuðningsfulltrúa
- Fundum með bekkjarkennurum, foreldrum, sérfræðingum o.fl.
- Umsjón með tölvuskráningu allra upplýsinga um nemendur með sérkennsluþarfir
- Að sjá til þess að niðurstöður sérfræðinga sé komið í skjalaskáp til varðveislu
- Umsjón með kennslu íslensku sem annað tungumál
- Skipulagningu frávíkspjónustu í prófum

Próf og greiningar

- Leið til læsis skimunarpróf var lagt fyrir alla nemendur í 1. bekk
- Leið til læsis eftirfylgniþróf var lagt fyrir alla nemendur í 1. - 4. bekk
- Raddlestrarpróf var lagt fyrir alla nemendur í 5. - 7. bekk tvisvar yfir skólaárið og eftir þörfum.
- Raddlestrarpróf og upplýsingagjöf til foreldra var í höndum umsjónarkennara og sérkennara.
- Stafsetningarkönnun að hausti, með það í huga að flokka villur nemenda eftir því hvar þeir væru staddir í stafsetningu orða
 - Óskiljanlega (hljóðrangar villur)
 - Eftir framburði (hljóðréttar villur)
 - Hafa villur í stafsetningarreglum sem búið er að kenna í 3. og 4. bekk
- TOLD-2P og Told-2I var lagt fyrir nokkra nemendur
- LOGOS, fræðileg greining á dyslexíu og öðrum lestrarerfiðleikum var lagt fyrir nokkra nemendur.
- Orðarún, lagt fyrir nemendur í október og apríl í 3. - 7. bekk.
- LH 60 var lagt fyrir nemendur í 3. bekk
- LH 40 var lagt fyrir nemendur í 4. bekk

Sérkennsla í 1. – 3. bekk

Íslenska í 1. bekk, íslenska í 2. bekk, íslenska í 3. bekk

Í **1. bekk** (42 nem.) nutu 15 nemendur (36% nem.) sérkennslu í einhverju formi.

Í september var stafabekking og lestrarfærni allra nemenda könnuð og í tengslum við það voru börnin send heim með lestrarbækur/tengiblöð við hæfi.

„Leið til læsis“ lesskimun var lögð fyrir fyrri hluta októbermánaðar. Lesskimunin sýnir stöðu nemenda hvað varðar: Málþroska, stafabekkingu og hljóðkerfisvitund. Þeir nemendur sem fengu slaka niðurstöðu (áhætta 1 og áhætta 2) fengu þjálfun hjá sérkennara.

Þeir nemendur sem áttu í erfiðleikum með að fylgja eðlilegum hraða við stafainnlögn og voru lengi að ná lestrartækninni fengu sérkennslu.

Lestrarmat allra nemenda (stafabekking og lestrarkönnun) var gert í byrjun desember og umsjónarkennarar sáu um mat á lesfimi á vorönn (A1).

Í **2. bekk** (37 nem.) nutu 5 nemendur (14% nem.) sérkennslu í íslensku í einhverju formi.

Í 2. bekk var sérkennslu skipt í:

- Upprifjun stafa strax að hausti fyrir nokkra nemendur
- K-PALS. Þjálfun hljóðavitundar og umskráningarverkefni (styrkja umskráningu og orðabekkingu).
- Sérkennslu í lestri (lestur, lestrarnákvæmni, lesskilningur, stafsetning, hljóðkerfisvitund, orðaforði) fyrir þá sem þess þurftu (ýmist allan veturinn eða í nokkrar vikur)
- Stutt lestrarnámskeið

Í ágústlok og í desember var mat á lesfimi (B1) og stafabekking könnuð hjá þeim sem ekki voru öruggir á öllum bókstöfum. Á vorönn sáu umsjónarkennarar um mat á lesfimi (B2).

Í **3. bekk** (40 nem.) nutu 13 nemendur (33% nem.) sérkennslu í íslensku.

Í 3. bekk var sérkennslunni skipt í:

- Sérkennslu í lestri, (lestur, lesskilningur, lestrarnákvæmni, sérhljóðar/samhljóðar, orðavinna, stafsetning) fyrir þá sem þess þurftu (ýmist allan veturinn eða í nokkrar vikur)
- Unnið með stafsetningu með nemendum í litlum hópum og einstaklingslega.

Í ágústlok og í desember var mat á lesfimi (C1). Á vorönn sáu umsjónarkennarar um mat á lesfimi (C2).

Leið til læsis skimunarpróf var lagt fyrir nemendur 1. bekkjar um miðjan október.

LH60 lesskilningspróf var lagt fyrir nemendur 3. bekkjar.

Guðlaug Einarsdóttir, sérkennari, Sveinbjörg Bergsdóttir, sérkennari

Sérkennsla í 4. - 7. bekk.

Í **4. bekk** (50 nem.) nutu 9 nemendur (18% nem.) sérkennslu í íslensku allan veturinn eða hluta úr vetri. Einn nemandi naut stuðnings í stærðfræði allan veturinn.

Sérkennslunni var skipt í:

- Lestur og lesskilning.
- Stærðfræði.
- Stutt stafsetningarnámskeið.
- Raddlestrarpróf sem var lagt fyrir alla nemendur í september og janúar. Í október og mars voru nemendur lestrarprófaðir sem voru undir viðmiðum. Umsjónarkennari prófaði nemendur í maí.
- LH-40 sem var lagt fyrir í janúar og endurprófað í apríl.
- Orðarún, lesskilningspróf, sem lagt var fyrir að hausti og vori.
- Logos lestrargreiningarpróf sem var lagt fyrir nokkra nemendur á vorönn.
- Miðsvetrarpróf, vorpróf og önnur próf í minni hópum og einstaklingslega.

Í **5. bekk** (71 nem.) nutu 28 nemendur (39% nem.) sérkennslu allan veturinn eða hluta úr vetri í íslensku og stærðfræði. Námið fór fram í minni hópum inni í skólastofu eða fyrir utan og sem einstaklingskennsla í sérstofu.

Sérkennslunni var skipt í:

- Íslensku þar sem unnið var með afmarkaða þætti og námsþætti árgangs.
- Stærðfræði þar sem unnið var með námsþætti árgangs.
- Raddlestrarpróf sem var lagt fyrir alla nemendur í janúar af sérkennara og í maí af sérkennara og umsjónarkennara. Auk þess voru nemendur sem voru undir viðmiðum prófaðir af sérkennara í september, október og mars.
- LH-40 endurprófun í janúar 2015.
- Logos lestrargreiningarpróf var lagt fyrir nokkra nemendur á vorönn.
- Orðarún, lesskilningspróf var lagt fyrir að hausti og vori.
- Miðsvetrarpróf, vorpróf og önnur próf í minni hópum og einstaklingslega.

Í **6. bekk** (50 nem.) nutu 14 nemendur (28% nem.) sérkennslu allan veturinn eða hluta úr vetri. Námið fór fram í minni hópum, sem einstaklingskennsla eða inni í bekk.

Sérkennslunni var skipt í:

- Íslensku þar sem unnið var með afmarkaða þætti og námsefni árgangs.
- Stafsetningarnámskeið á haust- og vorönn.
- Stærðfræði þar sem unnið var með afmarkaða þætti og námsefni árgangs.
- Raddlestrarpróf sem lagt var fyrir alla nemendur í janúar af sérkennara og í maí af sérkennara og umsjónarkennara. Auk þess voru nemendur prófaðir í september, október og mars sem voru undir viðmiðum af sérkennara.
- Orðarún, lesskilningspróf var lagt fyrir að hausti og vori.
- Miðsvetrarpróf, vorpróf og önnur próf í minni hópum og einstaklingslega.

Í **7. bekk** (56 nem.) nutu 18 nemendur (32% nem.) sérkennslu allan veturinn eða hluta úr vetri. Námið fór fram í minni hópum eða sem einstaklingskennsla.

Sérkennslunni var skipt í:

- Íslensku allan veturinn þar sem unnið var með námsþætti árgangs.
- Stærðfræði allan veturinn þar sem unnið var með námsþætti árgangs.
- Lestraráttak á haustönn og eftirfylgni með nemendum undir viðmiðum.
- Raddlestrarpróf var lagt fyrir alla nemendur í janúar af sérkennara og í maí af umsjónarkennara og sérkennara. Auk þess voru nokkrir nemendur prófaðir að hausti, í október og mars af sérkennara..
- Logos lestrargreiningarpróf var lagt fyrir nokkra nemendur á vorönn.
- Orðarún, lesskilningspróf var lagt fyrir að hausti og vori.
- Miðsvetrarpróf, vorpróf og önnur próf í minni hópum og einstaklingslega í öllum n.

Mjög góð samvinna hefur verið við foreldra og kennara í þessum árgöngum.

Helga Melsteð, deildarstjóri sérkennslu.

Samræmd könnunarpróf

Skýrsla Flataskóla - samræmd próf 2014

Samræmd könnunarpróf fóru fram í Flataskóla dagana 25. og 26. september 2014.

	Samræmdar einkunnir á kvarðanum 1-10			Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 0-60		
	Flataskóli	Landið	Reykjavík	Flataskóli	Landið	Reykjavík
4.bekkur íslenska	6,3	5,8	5,9	32,7	30	30,5
4.bekkur Stærðfræði	7,3	6,2	6,9	35,4	30	30,3
7.bekkur Íslenska	5,6	5,9	6,1	27,7	30	31,3
7.bekkur stærðfræði	6,8	6,6	6,9	31,2	30	31,4

4. bekkur

Í haust voru í 4. bekk í Flataskóla 45 nemendur, 41 þreytti samræmt próf í íslensku og 42 í stærðfræði. Tveir nemendur voru með undanþágu í íslensku og tveir nemendur voru fjarverandi vegna veikinda í báðum prófunum. Tveir nemendur fengu lestrarstuðning og lengdan próftíma í báðum greinum.


Íslenska

Meðaleinkunn í íslensku í 4. bekk var 6,3, raðeinkunn 58,1 (Re) og normaldreifð einkunn 32,7 (Sg). Í íslensku var hæsta einkunn 9,0 sem einn nemandi fékk. Lægsta einkunn var 3,0 sem einn nemandi fékk. Í einstökum prófpáttum var meðaltal einkunna eftirfarandi: Stafsetning 5,9, normaldreifð einkunn 33,6, (Sg), lestur og hlustun 6,5, normaldreifð einkunn 31,5 (Sg), málnotkun 6,1, normaldreifð einkunn 32,7 (Sg) og ritun 6,4, normaldreifð einkunn 31,3 (Sg).


Tafla 1. Samræmdar einkunnir og námsþáttaeinkunnir í íslensku í 4. bekk.

	Samræmd einkunn Flataskóla	Landsmeðaltal	Reykjavík	Vægi (%)
Heildareinkunn	6,3	5,8	5,9	100
Stafsetning	5,9	5,1		15
Lestur/Hlustun	6,5	6,1		50
Málnotkun	6,1	5,5		25
Ritun	6,4	6,1		10


Fjöldi nemenda 41 (91%)



Mynd 1. Meðaleinkunnir Flataskóla, landsins og Reykjavík í íslensku og einstökum námsþáttum á skalanum 1-10 í 4. bekk.



Mynd 2. Normaldreifðar einkunnir (Sg) í íslensku og einstökum prófpáttum í 4. bekk.



Mynd 3. Normaldreifðar einkunnir í íslensku kynjaskipti í 4. bekk.

Í íslensku í 4. bekk var árangur nemenda góður.


Stærðfræði

Meðaleinkunn í stærðfræði í 4. bekk var 7,3, raðeinkunn 64,8 (Re) og normaldreifð einkunn 35,4 (Sg). Hæsta einkunn í stærðfræði var 10,0 sem einn nemandi fékk og þrír fengu einkunnina 9,5. Lægsta einkunn í stærðfræði var 4,0 sem tveir nemendur fengu. Í einstökum prófpáttum var meðaltal einkunna eftirfarandi: Reikningur og aðgerðir 7,7, normaldreifð einkunn 35,7 (Sg), rúmfræði 6,4, normaldreifð einkunn 33,8 (Sg) og tölur 7,9 normaldreifð einkunn 35,9 (Sg).


Tafla 2. Samræmdar einkunnir og námsþáttaeinkunnir í stærðfræði í 4. bekk

	Samræmd einkunn Flataskóla	Landsmeðaltal	Reykjavík	Vægi (%)
Heildareinkunn	7,3	6,2	6,9	100
Reikningur og aðgerðir	7,7	6,6		50
Rúmfræði og mælingar	6,4	5,4		25
Tölfræði	7,9	6,5		25


Fjöldi nemenda 42 (93%)



Mynd 4. Meðaleinkunnir Flataskóla, landsins og Reykjavík í stærðfræði og einstökum námsþáttum á skalanum 1-10 í 4. bekk.



Mynd 5. Normaldreifðar einkunnir (Sg) í stærðfræði í 4. bekk.



Mynd 6. Normaldreifðar einkunnir í stærðfræði og einstökum prófpáttum kynjaskipt í 4. bekk.

Í stærðfræði í 4. bekk var mjög góður árangur.

7. bekkur

Í haust voru 56 nemendur í 7. bekk í Flataskóla, 53 þreyttu samræmd próf í íslensku og 54 í stærðfræði. Þrír nemendur voru fjarverandi vegna veikinda í íslensku og tveir í stærðfræði. Sjö nemendur fengu lestrarstuðning og lengdan próftíma í báðum greinum.


Íslenska

Meðaleinkunn í íslensku í 7. bekk var 5,6 raðeinkunn 43,6 (Re) og normaldreifð einkunn 27,7 (Sg). Í íslensku var hæsta einkunn 8,5 sem tveir nemendur fengu. Lægsta einkunn var 2,5 sem einn nemandi fékk. Í einstökum prófpáttum var meðaltal einkunna eftirfarandi: Stafsetning 4,8, normaldreifð einkunn 28,7, (Sg), lestur og hlustun 5,9, normaldreifð einkunn 27,8 (Sg), málnotkun 5,1, normaldreifð einkunn 26,3 (Sg) og ritun 6,8, normaldreifð einkunn 34,9 (Sg).


Tafla 3. Samræmdar einkunnir og námsþáttaeinkunnir í íslensku í 7. bekk.

	Samræmd einkunn Flataskóla	Landsmeðaltal	Reykjavík	Vægi (%)
Heildareinkunn	5,6	5,9	6,1	100
Stafsetning	4,8	5,1		15
Lestur/Hlustun	5,9	6,3		40
Málnotkun	5,1	5,8		35
Ritun	6,8	6,0		10


Fjöldi nemenda 53 (95%)




Mynd 7. Meðaleinkunnir Flataskóla, landsins og Reykjavík í íslensku og einstökum námsþáttum á skalanum 1-10 í 7. bekk.




Mynd 8. Normaldreifðar einkunnir (Sg) í íslensku og einstökum prófþáttum í 7. bekk.



Mynd 9. Normaldreifðar einkunnir (Sg) í íslensku kynjaskipt í 7. bekk.



Mynd 10. Framfarir í íslensku milli 4. og 7. bekk



Mynd 11. Framfarir í íslensku, sömu nemendur í 4.bekk 2011 og 7.bekk 2014

Í íslensku í 7. bekk var árangur slakur. Í stafsetningu, lestri og málnotkun eru nemendur fyrir neðan landsmeðaltal. Ef bornar er saman niðurstöður drengja og stúlkna í stafsetningu er árangur drengja lægri. Stúlkur eru fyrir ofan meðaltal í ritunarpættinum.

Stærðfræði


Meðaleinkunn í stærðfræði í 7. bekk var 6,8 raðeinkunn 53,4 (Re) og normaldreifð einkunn 31,2 (Sg). Í stærðfræði var hæsta einkunn 9,5 sem fjórir nemendur fengu. Lægsta einkunn var 2,5 sem einn nemandi fékk. Í einstökum prófþáttum var meðaltal einkunna eftirfarandi: Reikningur og aðgerðir 7,2, normaldreifð einkunn 31,1 (Sg), rúmfræði 5,8 normaldreifð einkunn 29,9 (Sg) og tölfræði 7,4 normaldreifð einkunn 31,2 (Sg).

Í stærðfræði var árangur góður og lítill munur milli kynja. Meðaleinkunn drengja var þó hærri í rúmfræði og tölfræði.


Tafla 4. Samræmdar einkunnir og námsþáttaeinkunnir í stærðfræði í 7. bekk.

	Samræmd einkunn Flataskóla	Landsmeðaltal	Reykjavík	Vægi (%)
Heildareinkunn	6,8	6,6	6,9	100
Reikningur	7,2	6,8		62,5
Rúmfræði	7,4	5,7		25
Tölfræði	5,8	6,9		12,5


Fjöldi nemenda 54 (96%)




Mynd 12. Meðaleinkunnir Flataskóla, landsins og Reykjavík í stærðfræði og einstökum námsþáttum á skalanum 1-10 í 7. bekk.




Mynd 13. Normaldreifð einkunn í stærðfræði í 7. bekk.



Mynd 14. Normaldreifðar einkunnir (Sg) í stærðfræði kynjaskipt í 7. bekk.



Mynd 15. Framfarir í stærðfræði milli 4. og 7. bekk



Mynd 16. Framfarir í stærðfræði, sömu nemendur í 4. bekk 2011 og 7. bekk 2014

Viðbrögð við niðurstöðum

Skólastjórnendur, sérkennarar og umsjónarkennarar og funda um niðurstöður prófanna. Niðurstöður eru bornar saman við niðurstöður fyrri ára. Allir námsþættir eru skoðaðir og metið hvaða þætti megi enn styrkja og leiðir ræddar að því marki. Árangur einstakra nemenda er einnig metinn. Þeir nemendur sem eru á bilinu 0-22 í normaldreifðri einkunn (Sg) þurfa sérstaka aðstoð. Áhyggjur vekur hve framfarir hjá mörgum nemendum er minni en almennt gerist í íslensku og stærðfræði í 7. bekk og aðeins örfáir sýna meiri framfarir en almennt gerist.

Niðurstöður samræmdra prófa, skimun sérkennara og umsjónarkennara og frammistaða nemenda í prófum eru höfð til hliðsjónar þegar áframhaldandi nám er skipulagt. Námsfni og staða allra nemenda er endurskoðuð til að tryggja að allir fái námsfni við hæfi. Umsjónarkennarar og sérkennarar vinna saman að því að koma til móts við þarfir nemenda.

Í Flataskóla er stuðst við snemmtæka íhlutun í námi nemenda í yngri árgöngum og reynt er að hafa námshópa fámenna. Stefnt er að því hafa námsfnið aðlagð og einstaklingsmiðað. Hluti nemenda hefur þegar fengið sérkennslu og munu þeir sem þurfa halda því áfram.

Stefna Flataskóla er að allir nemendur fái námsfni við hæfi, bæði þeir sem eiga við námserfiðleika að etja og þeir sem eru bráðgerir.

Umsjónarkennarar og/eða sérkennarar upplýsa foreldra um hvernig áframhaldandi kennsla er fyrirhuguð vegna þeirra sem þarf að styrkja enn frekar í einstökum þáttum. Meðal annars var bréf sent frá skólanum til foreldra þeirra nemenda í 4. bekk sem þurfa að leggja meiri áherslu á lestur og foreldrar hvattir til að aðstoða börnin sín.

M. Elín Guðmundsdóttir, deildarstjóri.

Skýrslur kennara í list- og verkgræinum

Hönnun og smíði

Verkefni í 1. 2. og 3. bekk voru: Teningar sem voru merktir með brennipenna og pússaðir. Bílar úr við, sett voru dekk undir svo hægt væri að keyra þá. Dúkkurúm sem voru máluð eftir óskum nemenda. Tálgað úr skóginum, blaut tré. Vörubílar sem keyra. Dúkkuvagnar sem keyra. Kranabílar með krana sem geta lyft. Bílar sem eru með segli keyra sjálfir.

Útikennsla var nýjung í 2.-7. bekk þar sem nemendur fóru út og sóttu efni sem við tókum úr trjám sem var verið að grisja. Úr þeim voru tálgaðir ýmsir hlutir svo sem pennar með bleki og í rennibekknunum var unnið með skógarvið. Endurunnið efni sem við sóttum til velunnara.

Verkefni í 4. bekk voru Stjörnumerki sem voru sögð út og máluð. Penni úr skóginum. Dagatal, púsluspil sem voru söguð út og máluð í mörgum litum. Bátar með segli. Smjörhnífar tálgaðir í blaut tré. Skálar úr plexíplasti, hitað og mótað í form að hætti hvers nemanda. Dúkkurúm. Speglar sagaðir úr tré og jeppar sem geta keyrt unnið úr furuborðum.

Allir nemendur náðu að klára þessi verkefni. Fengu því allir að velja sér aukaverkefni. Margir hönnuðu sinn eigin hlut og var það mjög ánægjulegt. Allir hóparnir voru með í samþættingarverkefninu sem voru af ýmsum gerðum. Margir nemendur gátu unnið allt að þremur aukahlutum.

Námsmat: Hver hlutur var metinn, einnig ástundun og vinnusemi.

Verkefni í 5. bekk var: Vinna með gler sem hver vann eftir sinum hugmyndum. Plastskálar mátaðar eftir hverjum nemanda. Nokkrir nemendur fengu að velja annað t.d. lærðu þeir að tálga í blaut efni. Einnig voru nokkrir sem hönnuðu sína hluti og kom það vel út. Jeppar sem geta keyrt. Stólar úr við.

Námsmat: Hver hlutur var metinn t.d. vandvirkni og sjálfstæði. Einnig ástundun og vinnusemi.

Í 6. bekk voru valverkefni. Stóll úr við eða skartgripir, krossar og hringir sem hver gerði eftir sinni hugmynd. Mátaðar skálar eftir hverjum nemanda úr plasti. Smjörhnífar úr tré, púsluspil sem hver og einn gerði. Glervinna, skálar og fleiri hlutir.

Námsmat: Hver hlutur var metinn, einnig ástundun og vinnusemi

Verkefni 7. bekkjar voru: Málmsmíði, skartgripur. Smíðaðir voru stólar sem hægt er að hafa úti. Kistlar með lómum. Tálgun í blautt tré. Glervinna sem hvern og einn gerði. Rennibekkur, gerðir ýmsir hlutir í bekk svo sem skálar, lampar, renndir kertastjakar í ýmsum litum, mjög vinsælir.

Þessi verkefni komu vel út fyrir þennan aldur og voru nemendur mjög ánægðir. Tálgunin var vinsælust. Unnin voru nokkur aukaverkefni t.d. kollar sem hver og einn hannaði.

Námsmat: Hver hlutur var metinn, einnig ástundun og vinnusemi.

Smíðja: Bílar sem geta keyrt hannaðir og smíðaðir eftir nemendum.

Árni Már Árnason, smíðakennari.

Textílmennt

1.bekkur.

Teymisvinna með umsjónarkennurum og myndmenntakennara. Kennt var í heimastofum nemenda.

Haustönn: Tveir hópar, tvær lotur.

Vorönn: Ein lota.

Helstu verkefni:

- Óróakarl
- Dúskabroddgöltur
- Snúin snúra
- Puttaprjón
- Vefur
- Vinabönd
- Hveitibatíkþúðar

Námsmat:

- Umsögn



2.bekkur.

Teymisvinna með umsjónarkennurum og myndmenntakennara. Kennt var í heimastofum nemenda.

Haustönn: Tveir hópar, tvær lotur.

Vorönn: Ein lota.

Helstu verkefni:

- Puttaheklud blóm
- Þæfðir og skreyttir myndarammar
- Hveitibatíkþúðar
- Puttaprjón



3.bekkur

- Fjórir 10 manna hópar.
- Um 9 skipti hver hópur.

Helstu verkefni:

- Bangsar

Námsmat:

- Umsögn

4.bekkur

- Fjórir 11 manna hópar.
- Um 8-9 skipti hver hópur.

Helstu verkefni:

- Guðsaugu
- Þæfðar dýramyndir, útsaumur og þæfing
- Flís húfa, vélsaumur



- Þæfðir dúskabroddgeltir

Námsmat:

- Umsögn

5.bekkur

- Fimm 11 manna hópar.
- Um 11-12 skipti hver hópur.

Helstu verkefni:

- Guðsaugu
- Þrjúnuð húfa
- Kartöfluprykkpúði
- Auka hitapoki

Námsmat:

Einkunn og umsögn



6.bekkur

- Fjórir 12 manna hópar.
- Um 17 skipti hver hópur.

Helstu verkefni:

- Guðsaugu
- Sockmonkey
- Flís húfa
- Aukaverkefni: Hitapokar, koddar, húfur og vinabönd

Námsmat:

Umsögn og einkunn

7.bekkur

- Fjórir 14 manna hópar.
- Um 17-18 skipti hver hópur.

Helstu verkefni:

- Guðsaugu
- Útsaumaðar bækur
- Verkefni af eigin vali s.s náttbuxur, sokkapi

Námsmat:

- Umsögn og einkunn



Mat á vetrinum.

Í textílmennt á þessu skólaári er búið að vera líf og fjör. Nemendur stútfullir af hugmyndaflugi og mjög áhugasamir um verkefni sín. Við fluttum textílstofuna aftur í norðurálmuna og reyndum að gera hana eins sæta og flotta og hægt er.

Markmiðið var að virkja sköpunargleði allra barna sem og að læra og þjálfa ýmis vinnubrögð og aðferðir. Ég lagði áherslu á að allir fengu að njóta sín og að verkefnin væru við hæfi.

Mér fannst einnig mikilvægt að mynda góða, jákvæða og notalega stemningu í kennslustundunum, var því mikið hlustað á tónlist og sungið með, sagðar sögur og brandarar.

Kennslustundir voru 60. mín sem gátu verið of stuttar, betra væri að fá 80 mínútna tíma. Einnig gat verið erfitt að hafa tvær samliggjandi kennslustundir með engu hléi á milli. Það þarf alltaf smá tíma til að ganga frá og undirbúa næsta tíma í listgreinum.

Í 1. og 2.bekk var mikil samvinna milli mín, Lindu myndmenntakennara og umsjónarkennara og fannst mér hún ganga virkilega vel og afrakstur þeirrar vinnu mjög góður. Endilega halda áfram á sömu braut!!

Margrét Indíana Guðmundsdóttir, textílkennari.

Myndmennt

1.bekkur.

Á þessu skólaári var myndmenntakennslan í 1.bekk með öðru sniði en síðustu ár. Kennslan fór fram í þeirra stofum og þá heill bekkur. 2 hópar, 2 lotur haustönn. 2 hópar, 1 lota á vorönn unnin í samvinnu með textíl. Hóparnir mættu í samfelldum lotum.

Helstu verkefni:

- Litafræði, litablöndun.
- Línar
- Grunnform
- Pappadýr
- Púðar, málun
- Saumar



Námsmat: Umsögn

2.bekkur.

Á þessu skólaári var myndmenntakennslan í 2.bekk með öðru sniði en síðustu ár. Kennslan fór fram í þeirra stofum og þá heill bekkur. 2 hópar, 2 lotur haustönn. 2 hópar, 1 lota á vorönn unnin í samvinnu með textíl. Hóparnir mættu í samfelldum lotum.

Helstu verkefni:

- Litafræði, litablöndun. Þrykk, kynnast þrykki í sinni einföldustu mynd
- Andlit í réttum hlutföllum, ásamt útsaum.



- Dýrateikningar, mismundandi miðlar í útfærslum
- Teiknimyndateikningar (cartoon)
- Ugla og skrýmslagerð úr klósettrúllum.
- Púðar í málun með saum.
- Myndbygging

Námsmat: Umsögn

3.bekkur.

Á skólaárinu voru 4 blandaðir hópar. Hóparnir mættu í samfelldum lotum.

Helstu verkefni:

- Litafræði, litablöndun, heitir og kaldir litir, vatnslitir og vaxlitir.
- Myndbygging, forgrunnur, miðrými og bakgrunnur. Málun.
- Hringformið, unnið með hringinn í olíupastel.
- Origami pappírsbrot
- Línur og mynstur

Námsmat: Umsögn

4.bekkur.

Á skólaárinu voru fjórir blandaðir hópar. Hóparnir mættu í samfelldum lotum.

Helstu verkefni:

- Listastefnan Popart og listamaðurinn Wayne Thiebaud kynntur og verk hans.
- Málun með svampi
- Þrívíddarkassinn
- Myndbygging
- Pappírsbrot, Origami

Námsmat: Umsögn

5.bekkur.

Á skólaárinu voru 6 blandaðir hópar. Hóparnir mættu í samfelldum lotum.

Helstu verkefni:

- Piet Mondrian, listamaður kynntur og unnið verkefni í hans anda.
- Áströlsk frumbyggjalist kynnt og unnin verk í hennar anda.
- Frægasta málverk heimsins, Mona Lisa var endurgerð.
- Listamaðurinn Leonardo da Vinci tekinn fyrir.



- Comeniusar verkefni, e.o. órói úr könglum o.fl.

Námsmat: Einkunn og umsögn.

6.bekkur.

Á skólaárinu voru 4 blandaðir hópar. Hóparnir mættu í samfelldum lotum.

Helstu verkefni:

- Uppstilling, æfðu sig í að teikna það sem þau sjá en ekki það sem þau vita.
- Listamaðurinn Edvard Munch kynntur og verk unnin út frá fræga verkinu hans Ópið
- Fjarvídd með 1 punkti.
- Útikennsla, listaverk í anda Mondrian málað á skólalóðina
- 3D-illusion

Námsmat: Einkunn og umsögn

7.bekkur.

Á skólaárinu voru 4 blandaðir hópar. Hóparnir mættu í samfelldum lotum.

Helstu verkefni:


- Fjarvídd 1 punkta. Húsamyndir/náttúran
- Forn-Egyptsk myndlist kynnt og unnar myndir út frá henni.
- Listamaðurinn Van Gogh kynntur og nokkur myndverk hans endurunin.
- Útikennsla-Mondrian. Comeniusarverkefni
- Lugtargerð úr pappír með japanska listamannin Hokusai í fararbroddi.

Námsmat: Einkunn og umsögn

Mat á vetrinum.

Í vetur var eins og undanfarin ár var lögð áhersla á sköpunargleðina, virkja hana og styrkja. Nemendur fengu alltaf ákveðið rými innan hvers verkefnis til að gera það að sínu eigin og nota eigið hugmyndaflug. Einnig var lögð áhersla á grunn- og praktískar hliðar myndlistarinnar þ.e. vinnufærni og tækni. Mikilvægi þess að leiðbeina nemandanum og hjálpa til að ná grunntækni var í hávegum höfð. Markmiðið var að kveikja áhuga og vinnugleði nemenda og bar það í flestum tilvikum góðan árangur.

Samvinna var í hávegum höfð með 1.og 2.bekk. þar voru umsjónakennarar og myndmennt og textill með mjög skemmtilegt púðaverkefni,hveitibatik. 1.bekkur var með þemað húsdýrin og 2.bekkur með þemað land og þjóð.



Myndlistarmenn og listastefnur voru kynntar og eftirprentanir af verkum sýndar nemendum sem voru hvattir til að prófa að skapa myndir í stíl gamalla meistara. Það var mjög gaman að fylgjast með upplifun nemendanna þegar var farið í gegnum þetta.

Við náðum smá útikennslu um vorið og notuðum við stéttarnar á skólalóðinni til sköpunar innblásin af listamanninum Piet Mondrian.

Frágangur og umgengni á myndlistastofu gekk mjög vel í vetur, nemendum gerðu sér grein fyrir hvað verkfærin okkar og efni eru mikilvæg fyrir myndlistamanninn.



Niðurstaða

Í heildina gekk myndmenntakennslan mjög vel í vetur þó alltaf megi gera betur. Nemendur virðast una sér vel og eru kurteisir og flottir með skemmtilegt hugmyndaflug.

Samvinna myndmennt og textilmennt við umsjónakennara 1. og 2. bekkjar var einstaklega skemmtileg og gekk vonum framár.

Linda Þorvaldsdóttir, myndmenntakennari.

Íþróttir og sund

Við íþrótt- og sundkennsluna er haft að leiðarljósi að markvisst íþrótt- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Eitt það mikilvægasta, sem hver skóli getur veitt nemendum sínum, er að styrkja sjálfsmynd þeirra og vellíðan. Slíkt er hægt að gera með markvissum æfingum og leikjum þar sem þroskaþættir eru hafðir að leiðarljósi.

Aðferðar og kennslufræði skólaíþróttar snýst um að koma til móts við þarfir nemenda sem eru enn að vaxa úr grasi á viðkvæmu en breytilegu vaxtarskeiði.

Jákvæð upplifun íþróttakennslu í skólum getur lagt grunninn að heilsusamlegum lífsstíl hvers nemanda. Með jákvæðri upplifun af íþróttum, þar sem gleði og ánægja ríkir, eykst einnig vinnugleði og vellíðan sem hefur áhrif á allt skólastarfið. Þá getur góð og markviss kennsla einnig styrkt stoðkerfi líkamans og bætt líkamsreisn.

Unnið var út frá hæfnimarkmiðum aðalnámskrár grunnskóla sem sett er fram undir fjórum miðmunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda þann fyrsta, síðan félagslegir þættir, þá beiting þekkingar varðandi heilsu og að síðustu öryggisþættir.

Kennslufyrirkomulag

Íþróttakennarar skólaárið 2014-2015 voru þau Gunnlaugur Elsuson og Íris Indriðadóttir. Jón Bjarni Pétursson (íþróttir 1.-2. bekkur og sund 6. Kb) Linda Þorvaldsdóttir (íþróttir 1.-2. bekkur) og Hanna Lóa Friðjónsdóttir (sund 7. bekkur) komu einnig að kennslu.

Kennsla er mest í formi leikja og æfinga, þar sem lögð er áhersla á að hver og einn finni sig í þátttöku leikja, sem einstaklingur og í hóp. Nemendur fá að kynnst hinum ýmsu íþróttagreinum og grunnþáttum þeirra.

Námsmat

Nemendur 1., 2. og 3. bekkja fá umsögn í ípróttum um frammistöðu vetrarins þar sem litið er til samvinnu, ástundunar, hegðunar, og virkni nemandans.

Í sundi er farið eftir hæfniskröfum sundstiga Grunnskóla. Nemendur þreyta viðmiðunarpróf á vorin og fá einkunn um hvort þau hafa lokið sundstigi bekkjarins eða ekki.

Nemendur 4. 5. 6. og 7. bekkja fá einkunn í tölustöfum. Einkunnin byggist á samvinnu með skólafélögum og kennurum, ástundun yfir önnina, hegðun í kennslustundum og virkni nemandans.

Í sundi er einnig farið eftir hæfniskröfum sundstiga grunnskóla eins og nefnt er hér að ofan.

Mat á vetrinum

Töluverðar áherslubreytingar á reglum og fyrirkomulagi kennslunnar fylgdu okkur nýju kennurunum sem komu til starfa í haust eins og gefur að skilja þegar nýir kennarar taka við. Aðstæður til ípróttakennslu við Flataskóla eru til fyrirmyndar og gildir þá einu hvort kennt er innan- eða utandyr. Útikennslusvæði er eflaust með því besta sem gerist hérlandis og er það svæði mikið nýtt að hausti og svo aftur að vori. Þar að auki höfum við nýtt okkur glæsilegt fimleikahús í fimleikalotum og til leikja. Það má með sanni segja að við séum einstaklega vel í sveit sett hvað varðar aðstöðu til ípróttaiðkunar.

Sundkennsla gekk vel hjá 3.- 7. bekk en fyrirkomulag 1.-2. bekkja er ábótarvant þar sem 2 hópar voru ofan í lauginni í einu, við lélegar aðstæður. Tveir kennarar voru með 2 hópa þar sem hugmyndin var að kenna öðrum hópnum ofan í stóru lauginni og hinum í vaðlauginni. Vaðlaugin nær börnunum upp á mitti og var sú laug opin fyrir almenningi á meðan á kennslu stóð. Ekki var hægt að notast við stóru laugina með þessa hópa, stóran part af vetrinum vegna kulda laugar og veðurs.

Það er samróma álit þeirra, sem að ípróttakennslunni komu, að skólaárið hafi gengið mjög vel fyrir sig.

Gunnlaugur Elsuson og Íris Indriðadóttir, ípróttakennarar.

Tónmennt

Tónmennt – 4 og 5 ára bekkur.

Þriðja árið í röð var 5 ára bekkur í Flataskóla og þessa haustönn var tekið við skráningu fyrir 4 ára gömul börn. Eins og aðrir bekkir í skólanum þá voru þau vikulega í tónmenntatíma undir stjórn Jóns Bjarna tónmenntakennara. Í vetur voru tveir hópar úr 5 ára og þegar leið á veturinn fjölgaði í þessum árgangi þannig að þeim var skipt upp í 3 hópa, tveir 5 ára hópar og einn 4 ára hópur með u.þ.b. 8-12 börnum í hóp. Tónmenntatímarnir gengu vel og börnin mjög mótækileg fyrir söng og leiki. Það var mjög skemmtilegt að kenna þessum hópum.

Kennslustundir

Nemendur fengu alls 1 tíma í tónmennt á viku í tónmenntastofu Flataskóla. Þetta árið voru 3 hópar á viku.

Helstu áherslur árgangsins

Söngur, leikir, tónlistarspil og kynning á hljóðfærum.

Skipulag kennslunnar

Tímarnir byggðust mikið upp á söng og sönglögum. Einnig að klappa í takt, leikjum, frjálsum dans, hreyfingu og hljóðfærakynning á skólahljóðfærunum.

Námsmat

Engin umsöng né einkunn er gefin fyrir 5 ára bekk.

Mat á vetrinum

Mjög ánægjulegt að kenna 5 ára og 4 ára hópunum í vetur. Það er þroskamunur á 4 ára og 5 ára börnum þó svo að lög og námsefni var meira og minna svipað. Skemmtileg þróun að leyfa þessum árgangi að taka aftur virkan þátt í tónmennt yfir veturinn og gefur börnunum góða reynslu að sækja tíma í annarri álmu í Flataskóla.



Tónmennt – 1. bekkur

Vikulegir tónmenntatímar undir stjórn tónmenntakennara. Unnið með tónlist, sönglög, hljóð, leiki, hreyfingu og skólahljóðfæri. Áhersla var lögð á leik, söng og hljóðfærakynningar. Fjöldasöngur var þrisvar í viku í morgunsamveru, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Þar koma allir bekkir skólans saman í sal kl. 8:30 og syngja saman 2-3 lög.

Kennslustundir

Nemendur fengu alls 1 tíma í tónmennt á viku. Tveir bekkir á þessu skólaári.

Helstu áherslur árgangsins

Söngur, leikir, kynning á hljóðfærum og unnið með grunnþætti í tónfræði. Spilað var spilið, Gaman saman með Pétri og úlfnum. Einnig horft á tónlistarmyndina um Pétur og úlfinn.

Skipulag kennslunnar

Tímarnir byggðust mikið upp á söng og sönglögum. Að læra að hlusta á hljóð og tónlist. Einnig hrynleikjum, hreyfingu, leik og frjálsum dans.

Námsmat

Umsögn er gefin 1. bekk í lok skólaárs.

Mat á vetrinum

Veturinn gekk vel. Tónmenntakennari sótti bekkina þegar frímínútum lauk. Oft gekk erfiðlega að ná nemendum úr frímínútum til að mæta á réttum tíma. Það komu dagar þar sem það var svolítil ólga í bekkjunum en eftir því sem leið á önnina þá komst góð mynd á hópinn og kennsluna. Börnin voru mjög mótækileg fyrir söng og leik.



Tónmennt – 2. bekkur

Vikulegir tónmenntatímar undir stjórn tónmenntakennara. Unnið með tónlist, sönglög, hljóð, leiki, hreyfingu og skólahljóðfæri. Áhersla var lögð á leik, söng og hljóðfærakynningar. Fjöldasöngur var þrisvar í viku í morgunsamveru, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Þar koma allir bekkir skólans saman í sal kl. 8:30 og syngja saman 2-3 lög.

Kennslustundir

Nemendur fengu alls 1 tíma í tónmennt á viku. Tveir bekkur þetta skólaár.

Helstu áherslur árgangsins

Söngur, leikir og ljósrit úr ýmsum tónmenntaheftum.

Skipulag kennslunnar

Tímarnir byggðust mikið upp á söng og sönglögum. Einnig leikjum, hreyfingu, sem og bóklegum tímum inn á milli.

Námsmat

Umsögn gefin 2. bekk eftir haustönn og síðan aftur í lok skólaárs á vorönn.

Mat á vetrinum

Veturinn gekk mjög vel. Bekkirnir eru báðir ljúfir og söngelskir. Þau eru orðin vön að ganga um tónmenntastofuna. Varðandi bóklega hlutann þá mætti endurskoða og bæta námsefni þar inn.

Tónmennt – 3. bekkur

Vikulegir tónmenntatímar undir stjórn tónmenntakennara. Unnið með sönglög, hermitónlist, hlustun, myndefni, leiki, hreyfingu og skólahljóðfæri. Áhersla var lögð á leik og hermitónlist. Unnið með ýmis tónmenntablöð og bókina Hermitónlist. Fjöldasöngur var þrisvar í viku í morgunsamveru, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Þar koma allir bekkir skólans saman í sal kl. 8:30 og syngja saman 2-3 lög.



Kennslustundir

Nemendur fengu alls 1 tíma í tónmennt á viku. Í þessum árgangi voru tveir bekkir þetta skólaárið.

Helstu áherslur árgangsins

Söngur, leikir og tónfræði hefti. Tónlistarkennarar úr Tónlistarskóla Garðabæjar komu í heimsókn og voru með hljóðfærakynningu í kennslustund.

Skipulag kennslunnar

Tímarnir byggðust mikið upp á söng og sönglögum. Nemendur notum borðin og sætin meira í 3. bekkur fyrir önnur verkefni. Annars byggðust tímarnir líka á leikjum, hreyfingu, sem og bóklegum tímum inn á milli.

Námsmat

Umsögn gefin 3. bekk eftir haustönn og síðan aftur í lok skólaárs á vorönn.

Mat á vetrinum

Veturinn gekk ágætlega. Það er munur á bekkjunum. Það var stundum erfitt að eiga við kappsama stráka í 3. RG en með stuðning í tíma gekk það aðeins betur. Það bættust við nemendur yfir skólaárið og hóparnir voru orðnir frekar stórir þegar leið á veturinn. Að örðu leyti var þetta ánægjulegur vetur.

Tónmennt – 4. bekkur

Fjöldasöngur var þrisvar í viku í morgunsamveru, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Þar koma allir bekkir skólans saman í sal kl. 8:30 og syngja saman 2-3 lög.

Kennslustundir

Nemendur fengu alls 1 tíma í tónmennt á viku. Í þessum árgangi voru tveir bekkir þetta skólaárið.

Helstu áherslur árgangsins

Söngur, leikir, smíða hljóð og spuni.

Skipulag kennslunnar

Tímarnir byggðust mikið upp á söng og sönglögum. Einnig hljóðfæraleik, hreyfingu og dans. Unnin voru verkefni úr verkefnabókinni „Það var lagið“.

Námsmat

Umsögn gefin 4. bekk eftir haustönn og síðan aftur í lok skólaárs á vorönn.

Mat á vetrinum

Frábært árgangur og mjög gaman af þeim. Mikið af hæfileikaríkum nemendum í hópnum og þau eru mjög von að vera í tónmennt. Eru söngelsk og eru alveg tilbúin til að takast á við 5.bekk næsta vetur.



Tónmennt – 5. bekkur

5. bekkur komu í vikulega tónmenntatíma allan veturinn undir stjórn tónmenntakennara í hefðbundna bekkjarskipulagi eins og allir aðrir árgangar í vetur. Fjöldasöngur var þrisvar í viku í morgunsamveru, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Þar koma allir bekkir skólans saman í sal kl. 8:30 og syngja saman 2-3 lög

Kennslustundir

Nemendur fengu alls 1 tíma í tónmennt á viku. Í þessum árgangi voru þrír bekkir þetta skólaárið.

Helstu áherslur árgangsins

Unnið með framandi tónlist frá öðrum löndum og heimsálfum. Sérstök áhersla á tónlist og menningu frá Afríkulöndunum. Kynntar m.a. í formi glærusýninga og söng. Siðir, dansar og hljóðfærasláttur ólíkra menningarsvæða æfður. Sungin voru þjóðlög frá Afríku og ólíkum heimshornum, spurningarkeppni um Afríku með Kahoot spjaldtölvuappi vakti lukku.

Skipulag kennslunnar

Tímarnir byggðust mikið upp á söng og sönglögum. Einnig umræða, leiki, hreyfingu og spjaldtölvum. Unnið með bókina „Framandi tónlist“ og nýja frábæra bók um Afríku sem nýttist vel í kennslunni.



Námsmat

Umsögn og tölu einkunn gefin 5. bekk eftir haustönn og síðan aftur í lok skólaárs á vorönn.

Mat á vetrinum

Þetta skólaárið var aftur augin skráning á nýjum nemendum í 5. bekk. Mikið af hæfileikaríkum og kraftmiklum nemendum í þessum árgangi. Nemendur í 5. bekk hafa náð meiri valdi á söng og þau sýna meiri sjálfstæði þegar kemur að verkefnum. Kennsla í framandi tónlist og menningu er alltaf skemmtilegt efni sem kennt verður áfram. Notkun á spjaldtölvum í tónmennt lofar einnig góðu.

Tónmennt – 6. bekkur

Vikulegir tónmenntatímar undir stjórn tónmenntakennara. Fjöldasöngur var þrisvar í viku í morgunsamveru, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Þar koma allir bekkir skólans saman í sal kl. 8:30 og syngja saman 2-3 lög.

Kennslustundir

Nemendur fengu alls 1 tíma í tónmennt á viku. Tveir bekkur á þessu skólaári.

Helstu áherslur árgangsins

Unnið með kvikmyndatónlist, leiki, sönglög og appið Garageband á spjaldtölvu. Megin undirstaða verkefna var úr bókinni „Það er gaman að hlusta á kvikmyndatónlist“. Hlusta og greina kvikmyndatónlist, er hún öðuvísi, hvernig nota kvikmyndir og sjónvarpsþættir tónlist og er hljóð mikilvægt fyrir myndefni. Áhersla lögð á söngvamyndir og kynning á þekktustu kvikmyndatónskáldum heimsins. Spjaldtölvuappið Garageband var notað í kennslu á vorönn 2015.

Skipulag kennslunnar

Tímarnir byggðust upp á söng, umræðu, leikjum, hreyfingu og unnið með bókina, Það er gaman að hlusta á kvikmyndatónlist. Gerð velheppnuð tilraun með Garageband appið.

Námsmat

Umsögn og tölu einkunn gefin 6. bekk eftir haustönn og síðan aftur í lok skólaárs á vorönn.

Mat á vetrinum

Kennsla og umræða um kvikmyndatónlist sem gekk vel. Á vorönn eftir páska fóru tímarnir í að kynna og vinna með Garageband appið. Nemendum í 6. bekk fjölgaði eitthvað yfir skólaárið. Bekkir voru orðnir frekar fjölmennir. Um 24-26 nemendur í hóp í tónmennt sem er fjölmennt fyrir virka kennslu í tónmennt. Öðru leyti eru þetta yndislegir nemendur, mikið að sjálfstæðu. og hæfileikaríkum nemendum í þessum árgangi.

Tónmennt – 7. bekkur

Vikulegir tónmenntatímar undir stjórn tónmenntakennara. Fjöldasöngur var þrisvar í viku í morgunsamveru, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Þar koma allir bekkir skólans saman í sal kl. 8:30 og syngja saman 2-3 lög.

Kennslustundir

Nemendur fengu alls 1 tíma í tónmennt á viku. Þrír bekkir á þessu skólaári.

Helstu áherslur árgangsins

Tónlistarsaga úr bókinni Hljóðspor og unnið verkefni úr rokk og blústónlist frá árinum 1950 – 1970. Unnið með Bítlanna og John Lennon. Sungin ensk sönglög sem tengjast þessum tíma og ýmislegt tónlistarmyndefni skoðað. Appið Garageband notað í kennslu.

Skipulag kennslunnar

Tímarnir byggðust mikið upp á samspili, söng, umræða, glærusýningum, leikjum, hreyfingu, hópefli og unnið með bókina „Hljóðspor“. Á haustönn 2014, var farið í spjalftölvuverkefni með appinu Garageband. Verkefni unnið bæði á tölvuna og á blaði.

Námsmat

Umsögn og tölu einkunn gefin 7. bekk eftir haustönn og síðan aftur í lok skólaárs á vorönn.

Mat á vetrinum

Kennsla og umræða um tónlistarsögu er fróðlegt námsefni sem gekk vel og verður kennt áfram. Þau sýndu mikinn áhuga þegar koma að því að vinna með Garageband appið.



Jón Bjarni Pétursson, tónmenntakennari.

Heimilisfræði

1. bekkur

Nemendum var skipt í þrjá 13 nemenda hópa sem komu í lotum einu sinni í viku, 60 mínútur í senn. Allir hóparnir komu bæði á haust- og vorönn. Nemendur fengu því um það bil 6 skipti á vor- og haustönn, samtals 12 tíma. Unnið var að ýmsum verkefnum, bæði í hópum og einstaklingslega. Verkefni voru unnin úr bókinni Heimilisfræði fyrir byrjendur: Gott og gaman, auk þess voru notaðar uppskriftir frá kennara sem voru aðlagðar að getu nemenda.





2. bekkur

Nemendum var skipt í þrjá 10 til 13 nemenda hópa úr tveimur bekkjum. Nemendur komu í þremur lotum 60 mínútur í senn. Verkefnin voru unnin úr heimilisfræðibókinni: Holt og gott 1, auk þess voru notaðar uppskriftir frá kennara sem voru aðlagðar að getu nemenda.

3. bekkur

Í þessum árgangi var nemendum skipt í þrjá 13 til 14 nemenda hópa úr tveimur bekkjum. Nemendur komu þriðju hverja viku 60 mínútur í senn. Verkefnin voru unnin úr heimilisfræðibókinni: Holt og gott 2, auk þess voru notaðar uppskriftir frá kennara.

4. bekkur

Nemendum var skipt í fjóra 11 til 12 nemenda hópa úr tveimur bekkjum. Nemendur komu einu sinni í mánuði 60 mínútur í senn. Verkefni voru unnin úr heimilisfræðibókinni: Holt og gott 3. Notaðar voru að auki uppskriftir frá kennara.

5. bekkur

Nemendum var skipt í sex 11 til 12 nemenda hópa sem komu í sex lotum. Hver tími var 60 mínútur. Verkefni voru unnin úr heimilisfræðibókinni: Gott og gagnlegt 1 en auk þess var unnið eftir uppskriftum frá kennara. Nemendum var skipt í tveggja til þriggja manna vinnuhópa.



Nemendur tóku þátt í tveimur Comeníusarverkefnum sem fjölluðu um útikennslu og var annað þeirra sýnt Comeníusarþátttakendum í Tyrklandi. Hægt er að skola myndbandið á vefsíðu skólans <http://flataskoli.is> – myndbönd.

6. bekkur

Nemendum var skipt í fjóra 11 til 13 nemenda hópa sem komu í fjórum lotum, 60 mínútur í senn. Verkefni voru unnin úr heimilisfræðibókinni: Gott og gagnlegt 2, en auk þess var unnið eftir uppskriftum frá kennara.

7. bekkur

Nemendum var skipt í þrjár 15 til 16 nemenda hópa sem komu tvo kennslutíma í senn, þriðju hverja viku. Verkefni voru unnin úr heimilisfræðibókinni: Gott og gagnlegt, heimilisfræði fyrir 7. bekk en auk þess var unnið eftir uppskriftum frá kennara. Einn nemandi þurfti að vinna sér verkefni vegna glútenþóls. Notaði hann glútenlausar uppskriftir.

Nokkrir nemendur 7. bekkja tóku þátt í að baka eftirrött, sem þeir báru fram á árshátíð þeirra í vor og sló hann rækilega í gegn.

Kennaranemar

Í mars komu kennaranemar í vettvangsnám frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Var það skemmtileg tilbreyting.

Skipulag kennslunnar

Mikil áhersla var lögð á samvinnu nemenda. Nemendum var oftast skipt í tveggja til þriggja manna hópa, stundum völdu þeir vinnufélaga en oft var dregið í hópa, sérstaklega hjá eldri nemendum. Nemendur báru ábyrgð á vinnusvæði sínu og skiptu með sér verkum við sameiginleg verkefni. Ekki var þó ætlast til þess að yngstu nemendurnir bæru slíka ábyrgð.

Sérstök áhersla var á verklega kennslu, samvinnu, sjálfstæð vinnubrögð, hreinlæti, auðveldar vinnuaðferðir, gott skipulag og frágang. Oftast var bakað í tímum, ilmandi brauð og kökur en þó elduðu eldri nemendur máltíð af og til.

Í desember var jólapema í skólanum. Nemendum var skipt í hópa og var ákveðið að þeir sem veldu heimilisfræði bökuðu smákökur, pökkuðu þeim inn og seldu síðan á jólamarkaði skólans. Ágóðinn var síðan gefinn til styrktar fátækum börnum.

Allir nemendur fengu kennslubækurnar til eignar. Í sumum þeirra voru skrifleg verkefni sem of lítill tími var til að leysa í kennslustundum.

Námsmat

Umsagnir voru gefnar í 1. – 4. bekk.

Einkunnir voru gefnar í tölustöfum og umsögnum í 5. – 7. bekkjum. Tekið var mið af vinnusemi, vinnubrögðum, sjálfstæði og samvinnu.

Mat á vetrinum

Skólaárið gekk mjög vel, nemendur voru áhugasamir og unnu vel, þó hefði ekki veitt af þeim áttatíu mínútum sem áður hafa verið í heimilisfræði. Af áhuganum að dæma virtust verkefnin vera við hæfi og voru nemendur alltaf glaðir og ánægðir að tíma loknum. Þetta voru ánægjulegir tímar sem við nemendur áttum saman.

Helga Sigríður Guðjónsdóttir, heimilisfræðikennari.



Skýrsla námsráðgjafa

1. Inngangur

Starfshlutfall námsráðgjafa var 50% staða skólaárið 2014-15. Hér á eftir mun ég gera grein fyrir helstu verkefnum mínum sem námsráðgjafi í Flataskóla skólaárið 2014-15.

2. Helstu áherslur

Markmið námsráðgjafar í grunnskólum er að veita nemendum faglega þjónustu og ráðgjöf í málum sem tengjast námi þeirra, framtíðaráformum, samskiptum og líðan í skólanum. Sérstök áhersla er lögð á að allir nemendur skólans fái notið þjónustu námsráðgjafans.

- Námsráðgjafi vinnur forvarnarstarf með því m.a. að veita nemendum þann stuðning sem þeir þurfa til að skólagangan nýtist þeim sem best.
- Námsráðgjafi aðstoðar nemendur við að átta sig á hæfileikum sínum og áhugamálum og hjálpar þeim við að setja sér markmið.
- Námsráðgjafi er trúnaðarmaður og málsvari allra nemenda skólans og gætir hagsmuna þeirra.
- Námsráðgjafi styður nemendur vegna tímabundinna erfiðleika eða áfalla. Hann leitast við að greina vanda nemenda og vísa til viðeigandi meðferðaraðila ef þörf krefur.
- Námsráðgjafi leggur sérstaka áherslu á vinnu með hópa og á forvörn.
- Námsráðgjafi leitast við að vera í góðri samvinnu við alla starfsmenn skólans.
- Námsráðgjafi aðstoðar kennara og annað starfsfólk í einstökum málum tengd nemendum sem og foreldra.

3. Helstu þættir starfsins.

3.1. Samstarfsaðilar

Námsráðgjafi situr nemendaverndarráðsfundi ásamt skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, deildarstjórum, skólasálfræðingi og skólahjúkrunarfræðingi. Námsráðgjafi er ritari hópans. Á nemendaverndarráðsfundum koma oft fyrir mál sem námsráðgjafi vinnur með eða er falið að vinna með.

Námsráðgjafar í grunnskólum Garðabæjar halda reglulega samstarfsfundi allt skólaárið.

Formlegir og óformlegir fundir voru með kennurum, um mál einstaka nemenda eða nemendahópa. Samskiptamál milli nemenda, hegðunarvandamál og almenn vanlíðan voru algengar ástæður þess að bekkjarkennarar fengu aðstoð námsráðgjafa. Reyndi námsráðgjafi eftir bestu getu að bregðast við og finna ráð sem stuðlað gætu að bættri líðan. Það var gert með einstaklingsviðtölum, bekkjarfundum og vinnu með smærri hópa. Eins vísaði ég málum til annarra fagaðila. Að hausti var farið yfir málefni þeirra nemenda sem talin var þörf á að fylgjast sérstaklega með. Skólastjórnendur ásamt námsráðgjafa fylgdust vel með framgangi mála hjá nemendum og gripu inn í ef með þurfti.

3.2. Viðtöl

Flestir nemendur koma í viðtöl vegna tilvísunar, annað hvort frá kennara, skólastjórnendum, skólasálfræðingi og/eða foreldrum. Viðtölin snúast helst um samskipta-vandamál, um líðan nemenda bæði í skólanum og utan hans, en einnig um skipulag námsins. Reynt var greiða úr samskiptavandamálum, einnig að styrkja sjálfstraust þeirra og félagsfærni. Námsráðgjafi leiðbeindi þeim sem það þurftu við námstækni, hvernig best er að skipuleggja nám sitt og tileinka sér betri vinnubrögð í námi.

3.3. Vinna með hópa – hópráðgjöf.

Áhersla er lögð á að þjónusta námsráðgjafans sé fyrir alla nemendur skólans. Námsráðgjafi var með félagsfærni í 1. – 7. bekk s.l. vetur og náms- og starfsfræðslu í 7. bekkjum. Ég ásamt nokkrum námsráðgjöfum í grunnskólum skipulögðum námsefni í félagsfærni og námstækni fyrir 1.-10. bekk. Ég hef þróað það og endurbætt og hefur það nýst vel í starfi mínu.

Námsráðgjafi aðstoðaði við líðan og áhugakannanir.

3.4. Eineltismál

Námsráðgjafi heldur utan um eineltismál skólans. Hann vinnur að þeim málum í nánú samstarfi við viðkomandi bekkjarkennara og skólastjórnendur. Hann er einnig í eineltisteymi grunnskólanna í bænum og heldur teymið reglulega fundi.

4. Önnur verkefni – viðhald fagþekkingar

- Jákvæð skólafærni SMT (School Management Training). Námsráðgjafi er í vinnuhópi sem heldur utan um SMT vinnu í skólanum. Námsráðgjafi sendir út siði vikunnar allan veturinn.
- Fundir með umsjónarkennurum, foreldrum og skólastjórnendum
- Kennara- og starfsmannafundir
- Í nemendaverndarráði
- Fyrirlestrar á vegum Náum áttum
- Fyrirlestur um líkamsvirðingu, sjálfsvirðingu
- Fyrirlestur um samskipti á vegum Sjónarhóls
- Fyrirlestur á vegum Marita fræðslu; Einelti, þolandi/gerandi
- Fyrirlestrar á vegum Félags náms-og starfsráðgjafa
- Í eineltisteymi grunnskólanna í Garðabæ
- Í áfallaráði skólans
- Í nefnd um jafnrétti, kynheilbrigði og velferð í Garðabæ.

5. Lokaorð

Ég hef hér reynt að gera grein fyrir helstu þáttum í starfi mínu starfsárið 2014-15. Starfið hefur verið fjölbreytt og greinilegt að kennarar og nemendur nýta sér sífellt betur að hafa aðgang að námsráðgjafa. Vegna mikillar fjölgunar nemenda í skólanum hefur námsráðgjafi sem einungis er í 50% starfi ekki getað tekið nemendahópa eins oft og hann hefði kosið.

Ekki er mögulegt að skrá alla þætti starfsins, þætti sem geta verið jafn mikilvægir og þeir skráðu. Það eru þættir eins og símtöl, „fundir“ á göngum og kaffistofu og vinna við undirbúning og skráningar.

Til að starf námsráðgjafa skili árangri þarf gott samstarf við alla aðila að vera fyrir hendi. Ég hef átt gott samstarf við nemendur, samstarfsfólk og foreldra. Það er ómetanlegt og vil ég þakka það.

Ásta Bára Jónsdóttir, námsráðgjafi.

Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni

Starf kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni

Kennsluráðgjafi hefur umsjón með stefnu, uppbyggingu og þróun tölvu- og upplýsingatækni í skólanum. Hann veitir nemendum, foreldrum og starfsfólki skólans aðstoð við að nýta tölvu- og upplýsingatækni í skólastarfi og aðstoðar við ýmis tæknileg vandamál sem upp koma í daglegu skólastarfi. Hann fylgist með nýjungum í tölvu- og upplýsingatækni, kynnir sér námsefni og vefi sem hægt er að nota í skólastarfi. Kennsluráðgjafi sér um notendapjónustu fyrir kennara/foreldra/nemendur í Mentor, gengur frá prentun vitnisburðarblaða í lok haust- og vorannar.

Kennsluráðgjafar í tölvu- og upplýsingatækni í skólum Garðabæjar vinna náið saman og eru tenglar skólans við tölvudeild bæjarins. Ráðgjafarnir fara yfir og uppfæra námsáætlanir í tölvu- og upplýsingatækni árlega. Þeir halda reglulega fundi þar sem farið er yfir ýmis mál er tengjast faginu eins og: öryggismál, vefi skólanna, sameiginleg hugbúnaðarkaup, skipulagning örnámskeiða og framkvæmd verkferla. Einnig kynna þeir sér hugbúnað og kennsluvefi á netinu og deila með sér hugmyndum um notkun þess í skólastarfi.

Kennsluráðgjafi heldur utan um vefsíðu skólans og setur inn fréttir/myndir og uppfærir annað efni eftir þörfum. Mikil áhersla er lögð á að taka myndir/myndbönd af skólastarfinu til að setja á vefinn en þær eru verðmætar heimildir um það starf sem fram fer í skólanum á hverjum tíma.

Aðstaða til kennslu

Í skólanum voru 162 borðtölvur/fartölvur/spjaldtölvur sem skiptust samkvæmt töflunni hér fyrir neðan.

	Tölvu- ver	Bóka- safn	Fartölvu- vagn	Vinnu- herbergi	Sér- kennslu- stofur	Önnu rými	Spjald- tölvur	Stofu- tölvur	Sam- tals
Nemendur	15	8	15	0	10	12	48	6	114
Kennarar/aðrir starfsmenn	1	1	33	2	0	6	5	0	48
Samtals	16	9	48	2	10	18	53	6	162

Fartölvur starfsmanna voru 48, spjaldtölvur 53 og borðtölvur 61. Tölvur sem sérstaklega voru ætlaðar nemendum voru 114 en tölvur fyrir starfsfólk og/eða til að stýra búnaði voru 48. Nemendur í skólanum voru í vetur um 380 og eru því um þrír nemendur á hverja nemendatölvu.

Í tölvuverinu eru 16 tölvur frá 2013 og á bókasafni eru 8 tölvur frá því í október 2011, fartölvur starfsmanna voru nær allar endurnýjaðar haustið 2012. Þráðlaust net kom haustið 2013 og hefur það nýst vel og gengið vel í vetur. Skjavarpar með hátölurum eru nú komnir í allar bekkjarstofur, en bætt var við hátölurum í haust í þær stofur sem ekki voru með þá fyrir. Þá eru skjavarpar með hátölurum á bókasafni, hátíðarsal, í tölvuveri, myndmenntastofu (án hátalara) og tónmenntastofu.

Í skólanum er ein gagnvirk tafla „Smart Board“ (frá árinu 2008) sem var notuð við kennslu í fyrsta bekk í vetur. Tveir lausir skjávarpar (annar frá haustinu 2010 en hinn eldri) eru til útláns og hægt að panta þá í pósthólf okkar.

Fimmtíu og þrjár spjaldtölvur voru í notkun í vetur og voru þær mismikið notaðar. Hver árgangur fékk til afnota sex spjaldtölvur sem geymdar voru í bekkjarstofunum, einnig lánuðu kennarar hver öðrum þær ef á þurfti að halda. Spjaldtölvurnar voru notaðar af nemendum aðallega við að útbúa ýmis konar kynningar í tengslum við verkefnavinnu t.d. í landafræði, sögu og fl., en einnig til þjálfunar í stærðfræði, ensku og íslensku og lítillega við upplýsingaöflun. Settur var upp nýr og öflugur skjávarpi í hátíðarsalinn um haustið 2014.

Nám og kennsla

Kennsluáætlanir kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni í Garðabæ voru settar á sameign fyrir kennara til viðmiðunar við eigin gerð námsáætlana vetrarins. Þær voru uppfærðar fyrir árið 2014-2015 af kennsluráðgjöfum grunnskólanna í Garðabæ. Umsjónarkennarar sjá um kennslu í tölvu- og upplýsingatækni og þeir áttu að setja í áætlanir um hvernig þeir hygðust tengja tækni og upplýsingamennt inn í almennt skólastarf. Kennslan miðast við markmið námskrár í tölvu- og upplýsingatækni og skulu mismunandi þættir teknir fyrir í hverjum árgangi og þannig ætti að myndast góður grunnur og samfella að vera tryggð í tölvunámi nemenda. Í kennsluáætlunum er m.a. lögð áhersla á fræðslu um öryggi á netinu. Kennarar eru hvattir til að ræða um örugga netnotkun við nemendur strax í upphafi hverrar annar og einnig af og til allan veturinn þegar tilefni gefast. Þeir ræða um þær reglur sem gilda almennt um tölvunotkun í skólanum og notað er m.a. kennslufni sem liggur á vefsíðu SAFT.

Kennsla í tölvustofu, tölvunotkun nemenda og nýting upplýsingatækni miðast fyrst og fremst við það að kenna nemendum að nýta sér tölvu- og upplýsingatækni í tengslum við annað nám eða sem verkfæri í öllu skólastarfi. Kennsluráðgjafi leitar að tengslum í skólastarfinu við tölvu- og upplýsingatækni og



bendir kennurum á hvað er í boði og hvernig hægt er að nýta það sem best þar. Skólinn er með aðgang að Skólavefnum fyrir alla nemendur skólans. Einnig hafa nemendur í skólum Garðabæjar aðgang að vefrænum orðabókum. Einu sinni í vetur fengu nemendur í 2. til 7. bekk aðgang að stærðfræðivefnum Mathletic í rúmlega 2 vikur til að spreyta sig á verkefnum á alþjóðlega vísu og var það okkur að kostnaðarlausu og þótti takast vel og var góð tilbreyting í skólastarfinu.

Flestir bekkir fengu í vetur eina kennslustund á viku með umsjónarkennara í tölvuveri en aðrir nýttu sér fartölvuvagn. Þá fengu nemendur í 5. bekk í

sniðjuhóp kennslu í forritun (Scratch) sem voru tveir klukkutímar í viku í 6 vikur. Annað tölvuverið (15 tölvur) var lagt niður og tölvunum dreift um ganga skólans fyrir utan kennslustofurnar. Þannig fengu nemendur í austurálmu í 2. og 3. bekk, aðgang að fjórum tölvum staðsettum frammi á gangi. Nemendur í fyrsta bekk í suðurálmu fengu eina tölvu inn í hvora bekkjarstofuna. Nemendur í 5. bekk fengu aðgang að fjórum tölvum á ganginum í vesturálmu. Bókasafnið var hins vegar mikið notað af 7. bekk þar sem stofur þeirra voru vel staðsettar með tilliti til þess. Sjötti bekkur hafði aðgang í norðurálmu að tölvum í „Skjólínu“ en innangengt er í það úr annarri bekkjarstofu þeirra. Fjórðu bekkir hins vegar fengu tvær tölvur í hvora bekkjarstofuna en þeir voru einnig á neðri gangi í norðurálmu.

Allir nemendur skólans eru með tölvupóstfang og geta skráð sig á innranet skólans með sérstöku notendanafni og lykilorði, en þar hafa þeir aðgang að eigin heimasvæði og sameign fyrir árganginn.

Örnámskeið – endurmenntun kennara

Kennsluráðgjafi bauð upp á allmörg örnámskeið fyrir kennara í tölvu- og upplýsingatækni í vetur og má þar nefna m.a. Stop Motion, iMotion, Bitsboard, Kahoot, spjalddölvur (grunnatriði), Book Creator, QR-kóði, iTunes, Padlet, Powtoon, ratleikur (Turf Hunt). Fjölmarginir kennarar skólans nýttu sér þessi tilboð.

Myndavélar og annar búnaður

Hver árgangur hefur myndavél til umráða. Auk þess voru nokkrar myndavélar til afnota fyrir nemendur og starfsmenn skólans sem hægt er að fá að láni og geymdar eru á bókasafni og/eða hjá kennsluráðgjafa. Mikil áhersla er lögð á að kennarar taki myndir af skólastarfinu svo hægt sé að miðla þeim með fréttum á vefinn. Tvær myndbandsvélar eru til reiðu fyrir nemendur/kennara/stafsfolk skólans og einnig er til ein góð vefmyndavél sem notuð hefur verið við rafræn samskipti við skóla úti í Evrópu. Spjalddölvurnar voru mikið notaðar við myndvinnslu og myndbandsupptökur. Flataskóli eignaðist einnig Mac tölvu sem notuð var við að stjórna spjalddölvunum og við myndvinnslu/myndbandsvinnslu. Einnig nýtti tónmenntakennarinn sér hana við tónlistarverkefni. Þá var keypt Samsung spjalddölvu fyrir sérkennsluna þar sem hún gefur aðra möguleika en iPad og er sérstaklega hentug fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku.


Mentor

Vefurinn hjá mentor býður upp á samskipti heimila og skóla. Ýmsar leiðir eru notaðar til þessara samskipta. Kennarar skrá ástundun nemenda, færa dagbók, verkefnabækur og einkunnir inn í Mentor. Forráðamenn/nemendur hafa veflykil sem veitir þeim aðgang að þessum upplýsingunum þ.e.a.s. ástundun og framvindu náms. Foreldrar geta tilkynnt og skráð veikindi sjálfir inn á Fjölskylduvef Mentors.

Kennarar notuðu tölvupóst í Mentor til samskipta við foreldra/forráðamenn en um 99% heimila nemenda í Flataskóla eru með skráð netföng inni í Mentor. Kennarar eldri bekkja settu heimanámsáætlanir inn í Mentor og allir umsjónarkennarar sendu einnig reglulega upplýsingar um skólastarfið og ástundun nemenda til forráðamanna.

Vefur skólans

Kennsluráðgjafi sér um vef skólans. Lögð er áhersla á að vera alltaf með nýjustu upplýsingar um skólastarfið hverju sinni. Fréttir, myndir og viðburðir (atburðadagatalið) er alltaf vinsælt skoðunarefni. Við mældum fleiri heimsóknir á heima-síðuna í ár



FJÖLDI INNLITA Á VEF SKÓLANS Á MÁNUÐI S.L. SKÓLAÁR. (TEKIÐ AF VEF MODERNUS Í JÚNÍ 2015).

en í fyrra eða um 180 innlit¹ að meðaltali daglega. Í hverjum mánuði fengum við tæplega 1700 notendur að meðaltali í heimsókn á vefinn og eru það fleiri heimsóknir en í fyrra sem voru um 1400. Síðuflettingar voru tæplega 570 á dag sem eru einnig nokkru fleiri en í fyrra.

Samskiptaverkefni

Eins og undanfarin ár voru í vetur, á vegum eTwinning, unnin nokkur samskiptaverkefni í flestum árgöngum. eTwinning er rafrænt skólasamstarf í Evrópu. Kennsluráðgjafi var oftast milligöngumaður um samstarfið við aðra skóla. Flestir kennarar skólans eru þó skráðir á eTwinningvefinn. Í vetur tókum við þátt í sjö eTwinning-verkefnum, en þau voru eftirfarandi: Vorfiðrildin (1. bekkur), Evrópska keðjan (4. bekkur), Evrópa – póstkort (7. bekkur), Lesum og leikum saman (6. bekkur), Schoolovision 2015 (4. til 7. bekkur), Dagur í leikskólanum (4 og 5 ára bekkur) og Sweet Halloween (3. bekkur). Comeniusarverkefnið „Gaman að læra úti“ lauk núna í vor. Lesa má um verkefnið á heimasíðu skólans þar sem sagt er frá samskiptaverkefnum skólans undanfarin ár.

(<http://flataskoli.is/skolinn/samskiptaverkefni/verkefni-veturinn-2014-2015/>).

Með þátttöku í samskiptaverkefnum gefum við nemendum og starfsfólki skólans góða innsýn í nám og störf í skólum samstarfslandanna í Evrópu. Það vikkar sjóndeildarhringinn og eykur enn frekar viðsýni og ánægju þeirra í starfi. Starfshættir verða fjölbreyttari og samskiptin gefa nýja innsýn í menningu og líf annarra þjóða og tækifæri til að koma að og vinna verkefni á fjölbreytilegri hátt. Kennarar fá þarna tækifæri til að þróast og mennta sig. Leitast er við að setja viðfangsefni samskiptaverkefnanna sem mest inn í námskrána og þau viðfangsefni sem nemendur fást við hverju sinni.

Sótt er um „Quality Label“ fyrir öll verkefni til Alþjóðaskrifstofunnar en það er form sem fyllt er út á vefnum þeirra og gefur kost á að fá verkefnið metin og sett í hóp þeirra verkefna sem fá viðurkenningar. Flataskóli hlaut viðurkenningar fyrir öll verkefni sín í haust fyrir þátttöku í samskiptaverkefnum. Skólinn tók þátt í eTwinning- deginum 7. maí s.l. vegna 10 ára afmælis eTwinning og var svo lánsamur að hann var dreginn úr hópi þátttakenda. Fengu nemendur og skólinn viðurkenningu í formi svifdiska (fyrir nemendur) og úttekt hjá tölvuverslun.



4 OG 5 ÁRA NEMENDUR FENGU SVIFDISKA VEGNA ÞÁTTTÖKU Í AFMÆLI ETWINNING 7. MAÍ 2015.

Vangaveltur og framtíðarsýn

Stöðugt er verið að betrumbæta tölvur og þá tækni sem við höfum aðgang að í þjóðfélaginu. Mikilvægt er að skólasamfélagið sé vakandi fyrir því að nemendur hafi aðgang að þeim mismunandi tólum og tækjum sem þeir kunna að þurfa að fást við er fram í sækir, þótt ekki sé hægt að spá nákvæmlega fyrir

¹ Þegar notandi kemur inn á vef í fyrsta skipti telst það vera eitt innlit. Ef sami notandi kemur inn á sama vef innan 30 mín. telst það vera sama innlit. Komi sami notandi inn á sama vef eftir að 30 mín. eru liðnar frá síðustu flettingu þá telst það vera nýtt innlit. (Útskýring Modernus.)

um hvað framtíðin ber í skauti sér. Þess vegna þarf skólinn að hafa aðgang að mismunandi tölum og tæknibúnaði til að nemendur geti tileinkað og kynnt sér það sem er nýjast á boðstólum hverju sinni.

Með tilkomu þráðlauss nets í skólum þarf að hyggja að netöryggi og kenna nemendum að umgangast það, svo þeir beri ekki skaða af. Kennarar þurfa stöðugt að hafa þetta í huga um leið og þeir leiðbeina nemendum sínum í þessum málum.

Mikilvægt er að samþætta tæknina vel inn í skólastarfið svo það sé eðlilegt verkfæri í öllu þeirra starfi í hvaða námsgrein sem er.

Kröftug endurmenntun þarf að fara fram meðal kennara svo þeir séu færir um að nýta tæknina með nemendum sínum í öllu skólastarfi. Ég sé hana fyrst og fremst fara fram á vettvangi á starfsstaðnum þar sem fenginn er leiðbeinandi/leiðbeinendur til að tryggja að svo sé.

*Kolbrún Svala Hjaltadóttir,
kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni*

Tómstundaheimilið Krakkakot

Starfsmannamál

Í Krakkakoti í vetur störfuðu sex ráðnir starfsmenn. Stöðugildin í Krakkakoti eru yfirleitt á bilinu 25-35% og var aðeins einn starfsmaður í minna hlutfalli en það. Skipting starfsmanna var jöfn yfir veturinn, sex starfsmenn alla daga nema þriðjudaga en þá voru þeir fimm. Forfallastarfsmenn voru kallaðir inn í örfáum tilfellum þegar starfsmenn voru veikir eða í fríi.

Fastráðnir starfsmenn í vetur voru eftirfarandi:

Rósa Siemsen forstöðumaður 75%.

Anna Sigríður Pálsdóttir tómstundaleiðbeinandi 50%

Jónína Sigrún Guðmundsdóttir tómstundaleiðbeinandi 50%

Tómstundaleiðbeinendur í hlutastarfi

Ingunn: ágúst-júní 25%

Sólveig: ágúst-júní 12,5%

Þórhildur: ágúst-júní 12,5%

Þórdís: ágúst-júní 12,5%

Forstöðumaður

Forstöðumaður tómstundaheimilis ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd þess starfs sem unnið er á tómstundaheimilinu. Markmið starfsins er veita 6-9 ára börnum og foreldrum þeirra heildstæða og faglega þjónustu þar sem uppeldisgildi starfsins eru höfð að leiðarljósi. Það felur í sér að veita

börnunum tækifæri til afþreyingar í frítíma og þjónustu óháð áhugasviði þeirra eða getu í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Starfsvið forstöðumanns er að hafa yfirumsjón með öllum þáttum Krakkakots. Það felur m.a. í sér að sjá um tímaskráningu nemenda, sjá um samskipti við bæjarskrifstofur Garðabæjar vegna greiðslumála og að samræma tómstundaheimilin í Garðabæ. Samskipti við foreldra og yfirmenn Flataskóla, innkaup, tímaskráningu starfsmanna og heildarskipulagningu starfsins í samvinnu við starfsmenn Krakkakots.

Tómstundaleiðbeinandi

Starf tómstundaleiðbeinanda felur í sér umsjón með nemendum frá því skóla lýkur og þar til þeir fara heim. Hlutverk þeirra var almenn gæsla úti og inni og umsjón með ýmsum verkefnum t.d. hafa til nesti í kaffitíma, skrá inn nemendur og aðstoða nemendur á völdum svæðum í daglegu starfi. Í upphafi skólaárs var sett upp tafla með verkaskiptingu starfsmanna og voru verkefnin fjölbreytt á hverjum degi svo að starfsmenn fengu líka fjölbreytileika. Hins vegar reyndist oft erfitt að fara eftir töflunni þar sem stundum þurfti meiri mannskap á einni stöð en annarri. Í ljósi samsetningar starfsmannahópsins, sem var einkar góður í ár, var ákveðið að hafa ákveðið flæði og að starfsmenn myndu tala sig saman um hvaða svæði þeir sæu um hverju sinni. Þetta fyrirkomulag gekk einkar vel fyrir sig og vel gekk að manna öll svæði. Ljóst er að þetta fyrirkomulag hefði ekki gengið upp með hvaða starfsmannahóp sem er. Sveigjanleiki og jákvæður andi réð ríkjum meðal starfsmanna Krakkakots í ár og var vinnuandinn afar góður.

Mesti álagstíminn í Krakkakoti er fyrst eftir að skóla lýkur þegar nemendafjöldinn er sem mestur. Í upphafi skólaárs var fyrirkomulagið þannig að eftir að nemendur höfðu safnast saman og komuskráningu lokið fóru nemendur í útiveru og að henni lokinni í síðdegishressingu. Hins vegar var ákveðið að breyta fyrirkomulaginu og byrja á síðdegishressingunni að lokinni komuskráningu. Þetta var gert í ljósi þess hversu mörg börn fara snemma úr Krakkakoti á íþróttæfingar og í aðrar tómstundir. Breytingin var helst gerð með það í huga að það væru ekki margir mismunandi tímar sem börnin væru að borða á en það olli oft ákveðnum losarabrag á starfinu. Að lokinni síðdegishressingu völdu nemendur sér svæði eða verkefni þ.m.t. útiveru sem var ákveðið að hafa valfrjálsa og í boði yfir lengri tíma. Starfsmenn dreifast á þau svæði til eftirlits og aðstoðar. Eftir því sem nemendum fækkar minnkar starfsmannapörfin og fara því sumir starfsmenn fyr heim en aðrir. Tveir starfsmenn bera ábyrgð á að loka tómstundaheimilinu. Það felur í sér að tryggja að allir nemendur séu örugglega farnir heim, að frágangur á svæðum sé í lagi, ljós séu slökkt og að útidyrhurðin sé læst. Ástæðan fyrir því að starfsmenn eru alltaf minnst tveir að loka er öryggisatriði þannig að ef eitthvað kemur uppá þá er starfsmaðurinn ekki einn á svæðinu.

Krakkakot í vetur

Um 90 börn voru skráð í Krakkakot við upphaf skólaársins 2014-2015. Aðeins einn nemandi var skráður úr 4. bekk og var hann í tómstundaheimilinu út allt skólaárið. Öll börn í 1. bekk nema eitt voru skráð í Krakkakot í vetur. Hámarksfjöldinn var í kringum 94 börn í sama mánuði og í kringum 88 börn sama daginn. Þetta er talsverð fjölgun frá árinu á undan. Um og uppúr áramótum fór börnunum að fækka og þá helst í 3. bekk. Ástæðan fyrir fækkuninni var oft á tíðum aukið sjálfstæði nemendanna sem og breyttar tímasetningar á íþróttæfingum. Helst það í hendur við upplifun og reynslu starfsmanna Krakkakots fyrri ára.



Starfstími Krakkakots er frá því að skóla lýkur kl. 14:00 til kl. 17:00 alla daga. Eftir klukkan 16.00 fer börnunum að fækka umtalsvert og því er hægt að fækka starfsfólki eftir þann tíma. Krakkakot er opið á þeim dögum sem ekki er skóli, s.s. í jólafríi, páskafríi, vetrarfríi, á skipulagsdögum og þegar nemenda- og foreldraviðtöl eiga sér stað. Þá er opið frá kl. 8:00 til 17:00 og þurfa foreldrar að skrá börn sín sérstaklega á þessa daga. Hélt fjöldi skráðra barna á þessum dögum í hendur við tölur frá fyrri árum eða í kringum 7-15 börn.



Húsnæði

Krakkakot er staðsett í suðurálmú Flataskóla og eru þar okkar aðal höfuðstöðvar sem og skrifstofa forstöðumanns. Einnig nýttum við okkur fleiri staði eins og tölvuver skólans, bókasafnið, stærðfræðistofuna, heimilisfræðistofuna og að sjálfsögðu útisvæðið. Voru battavellirnir og hreystibrautin sérstaklega vinsælir staðir á útisvæðinu.

Viðfangsefni vetrarins

Á hverjum degi eru ákveðin svæði í boði fyrir börnin sem þau velja sér og er þeim síðan frjálst að skipta um svæði yfir daginn. Öll börnin eiga spjald með mynd af sér og nafni sem hanga uppi á vegg þegar þau koma í Krakkakot. Þegar börnin velja sér svæði hengja þau myndina sína upp á töflu merktá þeim stað sem þau eru á og því sýnilegt fyrir þá sem eru að sækja hvar þau eru hverju sinni. Börnin voru misdugleg að muna eftir því að færa myndina sína þegar þau skipta um svæði og þá getur tekið tíma að finna barnið þegar það er sótt eða á að fara heim. Leggja



verður meiri áherslu á það að muna eftir myndinni og minna þau á mikilvægi þess að muna að færa myndina sína á rétt svæði.

Eftirlit

Mikil áhersla er lögð á útiveru í Krakkakoti og er lögð áhersla á að á hverri útivakt séu að minnsta kosti tveir starfsmenn sem bera ábyrgð á börnunum á útisvæðinu. Þeir starfsmenn tómstundaheimilisins sem eru á útivakt sjá til þess að allt fari sem best fram og grípa inn í atburðarás ef þörf krefur. Nemendur geta snúið sér til þeirra með ýmsar kvartanir og fyrirspurnir eða ef upp kemur ágreiningur eða vandamál meðal nemenda. Í nokkrum tilfellum höfum við gefið börnum sérstakt leyfi til að vera ein úti en við höfum þá kíkt á þau með reglulegu millibili og hefur þetta gengið vel og ekki haft nein vandamál í för með sér.

Þar sem starfsemin í Krakkakoti dreifst á þó nokkur rými og herbergi eru ekki starfsmenn á hverju svæði allan daginn. Þegar við höfum hins vegar farið á svæði utan Krakkakots (s.s. bókasafnið, tölvuverið og stærðfræðistofuna) er ávallt starfsmaður með í för sem hefur eftirlit með börnunum og heldur utan um þann hóp sem hann fer með hverju sinni.

Misjafnt er hvort krakkarnir séu sóttir eða fara heim sjálfir og hefur forstöðumaður yfirumsjón með þessu á degi hverjum. Í byrjun dags þarf að athuga hvort allir séu ekki mættir og ef einhver sem er skráður skilar sér ekki þá þarf að finna hann og/eða skýringuna á því hvar hann er. Finnist barn ekki eftir ítarlega leit á skólasvæði/starfssvæði verður að gera foreldrum viðvart, og einnig kanna hvort þeir hafi sótt barnið. Of oft kom fyrir að foreldrar gleymdu að láta vita að barn ætlaði ekki að mæta og mikill tími fór í leit. Einnig kom of oft fyrir að barn sagðist ekki eiga að fara á æfingu þegar við vorum með upplýsingar um annað og fór því oft óþarflega mikill tími í símhringingar, dýrmætur tími sem annars hefði verið hægt að eyða með börnunum. Þarf að ítreka upplýsingaskyldu foreldra hvað þetta varðar.

Forstöðumaður sér um tímaskráningu til Garðabæjar og skilar inn tímum fyrirfram fyrir 22. hvers mánaðar. Við höfum verið eins sveigjanleg með þetta og við getum en þetta fyrirkomulag þarf hins vegar að ítreka betur við foreldra því of oft hringja foreldrar eftir þennan tíma og vilja breyta tímafjölda eftir að greiðsluseðillinn hefur borist þeim.





Tómstundir úr Krakkakoti

Fjölmargir nemendur fara frá okkur úr Krakkakoti í hinar ýmsu tómstundir dag hvern, s.s. fótbolta, fimleika, dans, körfubolta, sund og svo í Tónlistarskóla Garðabæjar svo fátt eitt sé nefnt. Minnst fara 22% skráðra barna frá okkur á einum degi en á annamestu dögnum fara rúmlega 66% skráðra barna frá okkur í einhverskonar tómstundir og er álagið því oft mikið á starfsmenn Krakkakots. Tryggja þarf að öll börnin séu búin að borða, séu klædd eftir veðri, hafi með sér allt sitt hafurtask og leggi af stað tímanlega í því skyni að mæta stundvíslega á æfingu. Gott skipulag og góð samskipti við foreldra og íþróttafélög er lykillinn að því að þetta gangi vel fyrir sig og hefur vel gengið með þennan þátt hjá okkur í vetur.

Samstarf og samskipti við foreldra

Samskipti við foreldra í Krakkakoti er stór partur af starfi forstöðumanns. Símhringingar, tölvupóstur og stutt spjall eða fundir eru nánast daglegur partur af starfinu hjá forstöðumanni. Ekki er ákveðinn fundardagur í Krakkakoti með foreldrum en foreldrum er ávalt velkomið að koma við eða panta tíma með forstöðumanni vilji þeir koma einhverju á framfæri í eigin persónu en ekki í gegnum símann eða tölvupóst. Símhringingar og tölvupóstar eru fjölmargar á hverjum degi og fer mikill tími forstöðumanns í að sinna hvorutveggja. Til að koma hagnýtum upplýsingum enn frekar á framfæri var stofnuð lokuð Facebook síða fyrir foreldra og forráðamenn og starfsmenn Krakkakots. Síðan var einnig notuð í því skyni að deila myndum af starfinu. Síðan féll vel í kramið hjá foreldrum og forráðamönnum og reyndist forstöðumanni auðvelt að setja inn fréttir og myndir af starfinu í gegnum síma á meðan starfsemi Krakkakots var í gangi. Foreldrar voru því oft meðviðaðir um hvað börn þeirra voru að fást við þá og þá stundina.

Eftirfarandi reglur gilda í Krakkakoti og voru þær sendar í tölvupósti til foreldra í byrjun skólaárs. Einnig voru þær settar inn á heimasíðu Krakkakots, á Facebooksíðu foreldra sem og í upplýsingabækling um tómstundaheimilið:

- Börn mega ekki taka dót með sér í Krakkakot.
- Ef breyting verður á dvöl barnsins verður að láta forstöðumann vita fyrir kl. 13:00 sama dag annars verður farið eftir umsókn með dvöl í Krakkakoti.
- Farsímar eru bannaðir og geyma skal síma í skólatöskunni.
- Ef barn ætlar að fá að fara heim með öðru barni úr Krakkakoti þarf að láta forstöðumann vita af því með dags fyrirvara eða fyrir kl. 13:00 sama dag. Ekki verður gefið leyfi til að hringja heim samdægurs og spyrja leyfis þannig.
- Krakkar fá ekki að hringja í foreldra nema að um neyðartilvik eða sérstök tilfelli sé um að ræða.
- Við brýnum fyrir foreldrum að koma inn og sækja börnin og láta starfsmenn vita nema búið sé að láta vita að barnið gangi sjálft heim.
- Uppsögn á plássi eða tilkynning um breytta dagvistun skal berast skriflega til forstöðumanns fyrir 22. Hvers mánaðar, annars er hætta á að breytingar gangi ekki í gegn!

Ofantaldar reglur voru til góða en næsta ár þyrfti að kynna þær betur og framfylgja enn frekar og þá sérstaklega í sambandi við upplýsingaskyldu foreldra til forstöðumanns. Í heildina voru samskipti og samstarf við foreldra mjög góð og foreldrar almennt ánægðir með starfið og voru duglegir að hrósa okkur fyrir vel unnin störf og koma með ábendingar þegar eitthvað mátti betur fara.

Önnur tómstundaheimili

Lítið samstarf hefur verið á milli tómstundaheimila í Garðabæ á undanförunum árum en bragabót hefur orðið á því. Forstöðumenn tómstundaheimilanna hafa verið að hittast reglulega í allan vetur í því skyni að þróa foreldra- og starfsmannahandbók fyrir tómstundaheimilin og vinna að sameiginlegum ramma og markmiðum fyrir tómstundaheimili bæjarins. Einnig hafa forstöðumenn góðan stuðning af hvorum öðrum og skiptast reglulega á hugmyndum í því skyni að efla starfið og gera það enn betra. Við fengum tómstundaheimilið Regnbogann í heimsókn til okkar einn dag í páskaleyfinu og borðuðu þau með okkur síðdegishressingu. Ekki náðist að skipuleggja sameiginlegan dag með öllum tómstundaheimilum bæjarins eins og gert var á síðasta skólaári en það mun vonandi gefast tími til þess á komandi skólaári.

Áframhaldandi samstarf verður á milli tómstundaheimilanna á komandi skólaári. Forstöðumenn eru að vinna að því í samvinnu með skólastjórum grunnskólanna og Katrínu Friðriksdóttur, deildarstjóra skóladeildar að búa

til heildstæðan sameiginlegan ramma um starfsemi tómstundaheimila bæjarins. Vilja forstöðumennirnir leggja sérstaka áherslu á að unnið sé að markmiðum um innra starf tómstundaheimilanna með áherslu á uppeldis- og félagsfærnimarkmið í starfi. Það felur í sér reglulega fræðslu fyrir starfsfólk auk hópeflis til að hrista starfsmannahópinn saman, starfsdaga og starfsmannafundi svo hægt sé að vinna faglega að markmiðum og skipuleggja það starf sem unnið er með börnunum.



Forstöðumenn leggja enn fremur áherslu á það að unnið sé markvisst að því að mótað sé gæðastarf fyrir tómstundaheimilin og að hið óformlega nám sem á sér stað innan tómstundaheimilanna sé undirstrikað. Vilja forstöðumenn auka barnalýðræði í starfinu þannig börnin fái að taka þátt í að móta það sem þau taka sér fyrir hendur í tómstundaheimilum. Hið frjálsa (stýrða) val verður hins vegar alltaf til staðar enda skiptir miklu máli að börnin búi við frjálsræði og ráði því upp að vissu marki hvernig þau eyða tíma sínum í tómstundaheimilinu. Miklu máli skiptir að undirstrika það að tómstundaheimilin reka ekki barnapössun eða gæslu fyrir börn heldur sé þar unnið markvisst og faglegt starf sem við getum verið stolt af.



Tillögur að úrbótum

Það sem liggur helst við núna eftir þetta skólaár er að setja foreldrum skýrari ramma varðandi tímaskráningu barna sinna og að þeir tilkynni allar breytingar tímanlega til forstöðumanns. Myndi forstöðumaður vilja sjá að gjaldskrá tómstundaheimilisins yrði breytt og að greitt væri fyrir hvern dag sem barn dvelur í tómstundarheimilinu en ekki hverja klukkustund. Einnig að síðdegishressingin sé innifalin í gjaldinu. Þá væri hægt að tryggja það að barn ætti pláss til kl. 16 eða 17 á hverjum degi og yrði þá minna um endalausar breytingar á tímaskráningu og minna um vandamál hjá foreldrum við að sækja á réttum tímum þegar æfingar falla niður eða þegar æfingum er lokið í lok hverrar annar. Þetta er meðal þeirra atriða sem forstöðumenn eru að vinna að í samstarfi við skólastjóra og deildarstjóra skóladeildar og verður forvitnilegt að sjá hvað mun koma út úr þeirri vinnu. Endurskoða þarf það hvernig aðstöðu tómstundaheimilisins er hagað, fara yfir tæki og áhöld, endurnýja gardínur í gluggum og endurnýja leikföng og koma þessu í betra horf og gera snyrtilegra fyrir alla að ganga að. Bæta þarf svo inn reglulegum starfsmannafundum fyrir starfsmenn Krakkakots í því skyni að ræða starfið og þau mál sem upp koma í tómstundaheimilinu.

Lokaorð

Starfið í vetur hefur gengið mjög vel. Við höfum haldið okkur á okkar heimavelli mest allan vetur. Börnin eru mjög hrifin af frelsinu sem þau hafa til að leika sér við vini sína og við það sem þeim finnst skemmtilegast. Samskipti við skólann og foreldra hefur gengið vel og hafa margir foreldrar lýst yfir ánægju sinni með Krakkakot og komið með gagnlega og uppbyggjandi gagnrýni.

Nú á næstu dögum og vikum verður farið í að setjast niður og og næsta haust skipulagt en töluverð fjölgun nemenda hefur orðið í skólanum og má reikna með að fjöldi barna í tómstundaheimilinu eigi eftir að aukast umtalsvert. Hugsanlega stendur til að nýta gamlan gæsluvöll í nágrenni skólans og hafa þar eina starfsstöð svo hægt sé að skipta börnunum upp og minnka álagið á húsnæði okkar innan Flataskóla. Til að þetta geti orðið að veruleika þarf að skipuleggja vel hvernig standa skal að þessu auk þess sem að tómstundaheimilið þarf að vera vel mannað alla daga. Næsta haust er nú þegar í bígerð og hugmyndir að komast á blað um hvernig bæta megi starfið. Það er alltaf hægt að gera betur og er það að sjálfsögðu það sem við höfum að leiðarljósi næsta haust, að gera enn betur þannig að krökkunum líði sem allra best í Krakkakoti og að bæði börn og foreldrar séu ánægðir með starfið.

Skólaárið gekk einkar vel í ár og starfsmannahópurinn og barnahópurinn voru frábærir. Það er von mín og ánægja að sjá sem flest börnin aftur í tómstundaheimilinu á komandi skólaári og ég hlakka til að takast á við nýtt skólaár með bros á vör og jákvæðnina í fyrirrúmi.

Rósa Siemsen, forstöðumaður Krakkakots.

